
HÚSAKÖNNUN Í FRAMDAL SKORRADALS

VERNDARSVÆÐI Í BYGGÐ



HJÖRLEIFUR STEFÁNSSON OG ELÍN ÓSK HREÐARSDÓTTIR

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES/GULLINNSNIÐ EHF.
REYKJAVÍK 2018
FS700-18051



G

Ö

Ljósmynd á forsíðu er af Haga og er tekin um miðja 20. öld. Ljósmynd fengin af vef Framdalsfélagsins, <http://framdalur.is/#haqi> og er birt með leyfi.

©2018

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES/GULLSNIÐ EHF.

BÁRUGÖTU 3 / FJÖLNISVEGI 12

101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033

FAX: 551 1047

NETFANG: fsi@instarch.is

www.fornleif.is/www.instarch.is

Efnisyfirlit

Helstu niðurstöður	3
Inngangur	4
Aðferðafræði	5
Þakkir	6
Húsakönnun	8
Bakkakot	8
Efstibær	22
Fitjar	28
Hagi/Svangi	44
Háafell	60
Sarpur	74
Stálpostaðir	80
Vatnshorn	86
Samantekt	96
Ágrip af sögu byggðar	96
Svipmót byggðar og húsa	97
Heimildir	102

Viðauki: Teikningar af húsum í framdal Skorradals

Bakkakot
Hagi
Háafell
Stálpostaðir
Sarpur
Vatnshorn

Helstu niðurstöður

Í skýrslunni er að finna húsakönnun sem gerð var sumarið 2018 í framdal Skorradals. Verkið var unnið af þeim Hjörleifi Stefánssyni arkitekt og Elínu Ósk Hreiðarsdóttur fornleifafræðingi fyrir Skorradalshrepp vegna fyrirætlana um verndarsvæði í byggð á svæðinu. Könnunin náði til húsa í heimatúnum Bakkakots, Efstabæjar, Fitja, Haga, Háafells, Sarps, Stálpastaða og Vatnshorns. Innan svæðis voru könnuð 28 hús. Af þeim stóðu 19 hús enn undir þaki en níu hús voru horfin en skráð engu að síður þar sem þau voru of nýleg til að hafa ratað á fornleifaskrá og mikilvægt þótti að halda fróðleik um hlutverk þeirra, gerð og staðsetningu til haga. Átta af þeim húsum sem skráð voru eru íbúðarhús (í einu tilfelli er þó eina húsið sem eftir stendur í bæjarröðinni hlaða) en önnur hús voru flest ýmiss konar úтиhús og skemmur. Elstu húsin á svæðinu voru pakkhús í landi Vatnshorns og Fitjakirkja sem er jafnframt eina húsið á svæðinu sem er friðlýst.


Skýrslan verðurr hluti af skýrslu um verndarsvæði í byggð í framdal Skorradals sem Skorradalshreppur ráðgerir að komi út síðla árs 2018 verður að finna ítarlegri greiningu á byggðinni út frá þeim gögnum sem safnað var um hús og minjar á svæðinu. Skýrslan byggir að nokkru leyti á drögum að húsakönnun sem unnin var árið 2010 af Huldu Guðmundsdóttur og Hjörleifi Stefánssyni.

Inngangur

Á haustmánuðum 2016 veitti Minjastofnun Íslands Skorradalshreppi/Framdalsféluginu styrk til að vinna tillögu að verndaráætlun í byggð fyrir framdal Skorradals. Hjörleifur Stefánsson arkitekt hafði áður unnið margvíslegar úttektir á húsum á svæðinu og varð niðurstaðan að hann myndi sjá um húsakönnunina ásamt Elínu Ósk Hreiðarsdóttur hjá Fornleifastofnun Íslands og þau myndu saman rita stutta skýrslu um könnunina en umsjón með gerð og ritun lokaskýrslu um verndarsvæði væri í höndum hreppsins.

Auk þeirra Elínar og Hjörleifs kom Gylfi Helgason fornleifafræðingur hjá Fornleifastofnun að verkinu en hann safnaði upplýsingum um húsin og sló inn í gagnagrunn Minjastofnunar Íslands, áður en vettvangsvinna hófst.

Áður en til húsakönnunar kom sumarið 2018 hafði Hjörleifur skoðað nokkur af húsunum í Skorradal auk þess sem hann hafði látið mæla nákvæmlega upp íbúðarhús í Bakkakoti, Haga, á Háafelli, Sarpi, Stálpastöðum og Vatnshorni og gera af þeim teikningar¹ en



Íslandskort sem sýnir staðsetningu Skorradalshrepps. Verndarsvæðið nær yfir suðaustanverðan dalinn.
Grunnkort: Gísli Pálsson

¹ Óutgefið efni um hús í Skorradal í fórum Hjörleifs Stefánssonar.

umræddar teikningar fylgja með skýrslunni sem viðhengi. Elín hafði áður skráð minjar í heimatúnum jarðanna í framdalnum að frátöldum Stálpastöðum og Fitjum² en Kristborg Þórssdóttir og fleiri starfsmenn Fornleifastofnunar skráðu svo minjar í túnum þessara jarða tveggja og allar minjar utan túna á svæðinu öllu sumarið 2016 og nýttist öll áðurgreind vinna við þessa úttekt.³

Aðferðafræði

Í þessari skýrslu er að finna húsakönnun fyrir hús innan marka ráðgerðs verndarsvæðis í framdal Skorradals og stutta samantekt um sögu svæðis og einkenni þeirra húsa sem skráð voru. Frekari greining á svipmóti svæðis verður að finna í verndarsvæðisskýrslu sem Skorradalshreppur ráðgerir að komi út fyrir árslok 2018. Hreppur ákvað í samráði við Minjastofnun Íslands að afmarka verndarsvæðið við heimatún jarðanna átta en nánari skilgreining á mörkum túna var gerð af höfundum þessara skýrslu.

Húsakönnunin var unnin í samræmi við leiðbeiningar Minjastofnunar Íslands um skráningu húsa og í gagnagrunn stofnunarinnar og leiðbeiningabækling sömu stofnunar um húsakönnun vegna verndarsvæðis í byggð og vísast til þessara gagna varðandi aðferðafræði verksins.⁴

Húsaskráin er þannig uppsett að sérstök umfjöllun er fremst fyrir hverja jörð þar sem stiklað er á stóru um landshætti og sögu jarða og gefið stutt yfirlit um íbúðarhús og önnur hús og minjar sem skráð hafa verið í heimatúni hverrar jarðar. Í kjölfarið fylgir svo skráningartexti fyrir sérhvert hús sem skráð var innan hvers heimatúns. Í húsaskránni er hvert hús kennt við þá jörð sem það tilheyrir, en önnur hús en sjálfst íbúðarhúsið aukinheldur aðgreind með hlutverki (dæmi: Fitjar – fjárhús). Við skráningu húsa voru öll standandi hús á svæðinu skráð, óháð aldri eða hlutverki, í samræmi við fyrirmæli Minjastofnunar Íslands. Í húsakönnun er því að finna yfirlit yfir öll standandi hús innan verndarsvæðisins.⁵ Þetta var gert sökum þess að jafnvel þótt slík hús hefðu verið hnítsett við aðalskráningu var gerð þeirra ekki lýst. Auk standandi húsa voru skráð nokkur hús sem eru nú horfin en voru of ung til að vera tekin með í fornleifaskráningu. Að auki var ákveðið að taka síðasta íbúðarhúsið í

² Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2012.


³ Kristborg Þórssdóttir (ritstj.). 207.

⁴ Guðný Gerður Gunnarsdóttir. 2017.

⁵ Þessari reglu var fylgt, jafnvel þótt fjallað hefði verið um einstaka hús í fornleifaskrá, þá ýmist sökum þess að þau höfðu náð lágmarksaldri til að teljast til fornleifa (sem er 100 ár) eða þau voru byggð úr torfi og grjóti, að gamalli byggingarhefð.

Efstabæ með í húsaskráningu, jafnvel þótt að lítið sjáist nú eftir af því nema grunnurinn og að bæjarþyrpingin hafi verið skráð í fornleifaskráningu. Mikilvægt þótti að ná bæjarmynd allra jarða á svæðinu með í húsakönnun og fremur greinargóðar upplýsingar lágu fyrir um gerð íbúðarhússins.

Við úttektina var leitað fanga í opinberum gögnum um húsin (fasteignamati, fundargerðum, tiltækum teikningum o.fl.) og útgefnum heimildum, auk þess sem ljósmyndir, loftmyndir og túnakort af svæðinu voru könnuð eftir mætti. Sömuleiðis var rætt við



Yfirlitskort sem sýnir túnin átta (merkt með rauðum lit) sem voru til úttektar í húsakönnun.
Loftmynd: Loftmyndir ehf

staðkunnuga.

Pakkir


Framdalafélagið sýndi verkinu mikinn áhuga og aðstoðaði við vinnslu þess. Talsverðar upplýsingar fengust um hús af vef Framdalsfélagsins en félagið hafði t.d. gengist fyrir söfnun gamalla ljósmynda af bæjum og fólk sem nýttust vel við úttektina og fékkst góðfúslegt leyfi fyrir notkun þessara gagna. Gögn þessi juku mikið við upplýsingar um húsin á svæðinu. Vilja skýrsluhöfundar koma á framfæri þakklæti til þeirra sem lögðu verkinu lið og miðluðu

fróðleik, ljósmyndum eða öðru efni. Sérstakar þakkir fær Hulda Guðmundsdóttir formaður félagsins fyrir sína aðstoð og óþrjótandi áhuga.



Húsakönnun

Bakkakot



Yfirlitskort af heimatúninu í Bakkakoti. Á kortinu má sjá húsin 5 sem skráð voru innan verndarsvæðis í heimatúni Bakkakots. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Staðsetning og umhverfi

Bakkakot er við austurenda Skorradalsvatns neðarlega í suðurhlíð dalsins. Undirlendi er takmarkað á þessum slóðum og hallar landi til norðurs. Talsverð skógrækt hefur verið á jörðinni allt frá 1970. Íbúðarhúsið í Bakkakoti stendur skammt norðan við eldra bæjarstæði og í kring eru gömul tún sem komin eru í örækt. Íbúðarhúsið snýr göflum í norðursuðurstefnu, upp og niður eftir landhallanum. Vestan við húsið er þéttur trjágarður með allháum trjám. Næsti bær vestan við Bakkakot er Vatnsendi, en skammt er líka til Fitja til norðausturs, handan árinnar.

Saga



Bakkakot, málverk eftir Gunnlaug Stefán Gíslason.

Bakkakot byggist á seinni hluta 17. aldar úr landi Fitja. Jörðin er hjáleiga frá Fitjum 1707, og 1847⁶en jjörðin var sold undan Fitjum árið 1894.⁷ Árið 1919 stóðu eftifarandi hús í heimatúninu:

Baðstofa (b. 1906), 8 ¼ x 5 álnir, alþiljuð og stæðileg.

Bæjardyr, stæðilegar.

Búr, 5x4 álnir, með járni undir torfþaki. Stæðilegt.

Eldhús úr torfi, 4x4 álnir. Stæðilegt.

Fjárhús (fyrir 50 kindur með grjótveggjum og járnþaki)

þrjú fjárhús úr torfi (fyrir 60 kindur)

hesthús (fyrir 60 hross)

heyhlaða með fjósi

geymsluskúr með járnþaki og járvörðum göflum.⁸

⁶ JÁM IV, 163 og JJ, 112

⁷ BB, II, 222

⁸ FB II, 127-128

Árið 1929 virðist núverandi íbúðarhús komið upp að mestu þótt byggingu þess sé ekki lokið fyrr en 1931. A.m.k. er húsakosti það ár lýst eftirfarandi: "Íbúðarhús: Steinbær með kjallara 6,91+4,39 m og skúr við hlið 2,1 m breidd.⁹

Innri skipan íbúðarhúss

Íbúðarhúsið í Bakkakoti er lítið steinsteypt hús sem er nú í talsverðri niðurníðslu. Gengið er inn í húsið á suðurhlíð, um skúrbyggingu sem er samþyggð húsinu að suðaustan. Þegar gengið er inn eftir skúrganginum eru á vinstri hönd tvær geymslur auk stigans til kjallara og 1. hæðar. Gólfþlótur skúrbyggingarinnar er um 18 m^2 . Útveggir hússins eru úr steinsteypu sem virðist vera í góðu lagi nema hvað austurveggur skúrbyggingarinnar er sprunginn að endilöngu og er farinn að hallast. Sá veggur er klæddur að utan með bárujárni. Augljóst er að steypa "aðalþygginingarinnar" er miklu betri en steypa skúrsins. Gaflveggir ná upp fyrir þakið sem er klætt bárujárni. Steinsteypt gólf er í kjallara. Gólf skúrsins er að hluta steinsteypa, en að öðru leyti timbur og mold. Á fyrstu hæðinni er gólfþið hins vegar úr timbri. Tveir steinsteypureykháfar eru á húsinu, annar í miðju eldhúss og baðstofu, hinn í norðausturhorni skúrsins, utan á gaflvegg hans.

Kjallarastiginn er steinsteyptur. Þegar komið er niður í kjallarann er eldhús á vinstri hönd, beint framundan eru dyr að búrinu og á vinstri hönd eru dyr að lítilli geymslu. Inn af eldhúsinu í miðju húsinu er geymsla við suðurgaflinn. Norðan við eldhúsið er búrið og milli þess og eldhússins er steinsteyptur veggur tengdur reykháfi. Gólfþlótur kjallarans er um 27 m^2 .

Stiginn til fyrstu hæðarinnar er úr timbri og leiðir að litlum gangi og þaðan er gengt í baðstofu við suðurgaflinn og svefnherbergi við norðurgaflinn. Þunnt timburþil skilur á milli og liggur það að steyptum reykháfi. Öll er hæðin opin upp í mæni en langveggir eru um 166 cm á hæð mælt frá gólfí uppi undir þaksúð. Vatnsveita hefur verið í húsinu en óvist hvort hún er enn í lagi. Í eldhúsinu er JUNO-eldavél sem jafnframt hefur verið notuð sem miðstöðvarketill og húsið hitað með miðstöðvarofnum. Rafmagn hefur verið leitt í húsið en hefur fyrir löngu verið aftengt.

Bakkakot er að mörgu leyti í slæmu ástandi. Þó er aðalhúsið miklu mun skárra en skúrbyggingin sem er svo léleg orðin að nauðsynlegt er að endurbýggja hana að langmestu leyti.

⁹ Þí. Fr. BAc

Önnur hús í túni, skráð í húsakönnun

Auk íbúðarhúss voru skráð þrjú hús undir þaki í heimatúni Bakkakots. Vélaskemma stendur undir þaki í túninu og tvö önnur hús eru þar hálfhrunin, annars vegar smíðakofi og hins vegar hesthúskofi. Að auki var tekinn með í húsaskráningu hjallur sem stóð nærrí vélaskemmu en er horfinn (þar sem byggingin var of ung til að vera skráð með í fornleifaskráningu).

Fornleifar í túni

Auk húsa undir þaki eru margvíslegar aðrar mannvistarleifar innan túnmarka í Bakkakoti og voru allar þekktar fornleifar skráðar við aðalskráningu.¹⁰ Fornleifar innan túns eru:

Númer	Hlutverk
BO-141:001	Bæjarhóll
BO-141:002	Útihús+kálgarður
BO-141:003	Útihús
BO-141:006	Rétt (Bakkakotsrétt)
BO-141:013	Lambhús (undir þaki - einnig í húsakönnun)
BO-141:015	Rétt/kálgarður
BO-141:019	Hesthús

¹⁰ Kristborg Þórssdóttir (ritstj.). 2017: 83-93.

Fyrsti eigandi: Þorbjörn Jóhannsson og Ingibjörg
Hönnuður: Jóhann Fr. Kristjánsson?

Upphafleg notkun: íbúð
Núverandi notkun: í eyði



Bakkakot á 6. áratug 20. aldar.



Bakkakot sumarið 2018 horft til NNA

Gerð húss:**Upphafleg:****Núverandi:**

Byggingarefni: Steinsteyp
Útveggir: Múrsléttar
Þakgerð: Mænisþak
Þakklæðning: Bárujárn
Undirstaða:
Útlit:

Steinsteypt
Bárujárn
Mænisþak
Bárujárn
Steinsteypt
Viðbygging
Kjallari
Reykháfur
Einlyft

Steinsteypt
Bárujárn
Mænisþak
Bárujárn
Steinsteypt
Viðbygging
Kjallari
Reykháfur
Einlyft

Saga**Lýsing húss:**

Steinsteypt íbúðarhús, ferhyrnt að grunnfleti, kjallari og ein hæð með mænisþaki. Við austurhlíðina er samfelld skúrbygging er austurgafi hennar klæddur bárujárn. Gólf hennar er mitt á milli gólfra kjallara og 1. hæðar og tengist þeim með tröppum. Við suðurenda skúrsins er lítið anddyri. Húsið var mælt upp og teiknað árið 2010 á vegum Gullinsniðs ehf af Keith Daly arkitekt.

Saga húss:

Íbúðarhúsið sem nú stendur í Bakkakoti var reist árið 1931 og er það 35-40 m norðvestan við gamla bæinn sem þá var yfirgefinn (sjá fornleifaskrá nr. BO-141:001). Árið 1940 er húsunum lýst á eftirfarandi hátt: "Íbúðarhús úr steinsteypu þak járvn. Torf. Hæð og kjallari á hæðinni. 2 herb. Eldhús í kjallara. Stærð 7,6x4,4x,7 m. og ofn. Miðstöð frá eldavéi 1 ofn." (ÞÍ. Fr. BAc). Jörðin fell í eyði árið 1964. Jörðin er nú eign Skógræktar ríkisins, sem hefur plantað ýmiss konar trjágróðri á landinu (BB II, 222). Íbúðarhúsið er skv. vef Framdalafélagsins eitt örfarra húsa sinnar tegundar sem enn standa, teiknað af Jóhanni Fr. Kristjánssyni. Jörðin fór í eyði 1964.

Önnur hús í heimatúnini:

Undir þaki eru: Geymsluhús/smíðaskemma b.1958, véla- og verkfærageymsla b. 1961 og hesthús (byggingarár óbekkt). Að auki fjölmargar fornleifar skráðar innantúns (Sjá fornleifaskrá BO-141:001-002, 006, 013, 015 og 019)

Helstu breytingar:

2015 Viðgerð á ytra borði.

Hönnuðir breytinga:**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Byggingarlist: Miðlungs Sérstök húsagerð, áberandi á svæðinu, líklega sprottin af hitunartækni þar sem eldavél og miðstöðvarketill eru sameinuð.

Menningarsögulegt gildi: Hátt Sérstök húsagerð, áberandi á svæðinu, líklega sprottin af hitunartækni þar sem eldavél og miðstöðvarketill eru sameinuð.

Umhverfisgildi: Hátt Mikilvægasta mannvirkið í heimatúnini, mikilvægt í menningarlandslaginu

Upprunalegt gildi: Hátt Húsið hefur ekki tekið miklum breytingum.

Tæknilegt ástand: Lágt Ástand hússins er mjög bágborið.

Varðveislugildi: Hátt Með tilvísun til listræns-, menningarsögulegs- og umhverfisgildis

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

G

ö

R

D

Byggingarár: 1961

Fyrsti eigandi: Eiríkur Þorsteinsson
Hönnuður:



Véla og verkfærageymsla sumarið 2018

Gerð húss: Upphafleg:

Byggingarefni:	Timbur, bindingar	Timbur, bindingar
Útveggir:	Bárujárn	Bárujárn
Pakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Pakkklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft	Einlyft

Núverandi:



Véla- og verkfæraskemman sumarið 2018

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Saga

Lýsing húss:

Húsið er einfalt, bárujárnsklætt hús með timburgrind. Það stendur á steinsteyptum grunni og er með mænisþaki. Stórar dyr með tvöfaldri hurð fyrir eru á norðvesturgafli og þar fyrir ofan gluggi. Þrír gluggar eru á suðvesturhlíð hússins en hvorki gluggar á norðausturhlíð né suðausturgafli.

Saga húss:

Véla- og verkfæraskemma frá Bakkakoti. Samkvæmt fasteignamati var húsið byggt 1961 (Þjóðskrá Íslands, 2018), aðeins þremur árum áður en jörðin leggst í eyði.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Einföld skúrbygging með lítið listrænt gildi
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Sem hluti af þeiri heild sem bæjarstæðið er.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Sem hluti af menningarlandslagi Bakkakots
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið hefur lítið breyst frá upphafi.
Tæknilegt ástand:	Lágt	Húsið hefur ekki verið haldið við um langt skeið.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Með tilvísun til listræns-, menningarsögulegs- og umhverfisgildis
Verndarflokkar:		Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

G

ö

R

D

Byggingarár: 1950

Fyrsti eigandi: Eiríkur Þorsteinsson
Hönnuður:



Hesthús sumarið 2018

Gerð húss: Upphafleg:

Byggingarefni: Timbur, þil á aumri grind,
Útveggir:
Þakgerð:
Þakklæðning:
Undirstaða:
Útlit:

Núverandi:

Timbur, þil á aumri grind,
Timburskifur (spónn)
Flatt þak
Bárujárn

Skorradalur

Upphafleg notkun: Landbúnaður
Núverandi notkun: í eyði



Hesthúsið sumarið 2018

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Saga

Lýsing húss:

Hesthúsið er að mestu leyti fallið ofan í tóft sína sem er úr torfi og grjóti. Timburgrind er í húsinu og timburþil að vestan sem hangir uppi að mestu. Bárujárnsklætt einhalla eða flatt þak hefur verið á húsinu. Húsið hefur verið naumlega viðað, með sperrum og langböndum. Húsið sneri austur – vestur. Á vesturgafli voru dyr og gluggi og aðrar dyr rétt við norðurhornið. Mögulegt er að grjót- og torfveggirnir eldri en uppsmíðin.

Saga húss:

Ekki er vitað hvenær húsið var byggt en líklega var það þó eftir 1918 þar sem það er innan túnamarka sem teiknuð eru á túnakort 1918 en er ekki merkt á kortið. Húsið telst því að líkendum ekki til fornleifa en var engu að síður skráð í fornleifaskráningu undir númerin BO-141:013. Húsið var fyrir 6-8 hesta og var byggt um miðja 20. öld. Mikil trjáraekt er allt í kring og hefur verið plantað nokkuð nærrí töft.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist: Lágt Einfaldur og óvandaður timburkofi

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs Sem hluti af menningarlandslagi Bakkakots

Umhverfisgildi: Miðlungs Sem hluti af menningarlandslagi Bakkakots

Upprunalegt gildi: Lágt Óljóst um upphaflega gerð húss.

Tæknilegt ástand: Lágt Húsið er að hruni komið.

Varðveislugildi: Miðlungs Með tilvisun til listræns-, menningarsögulegs- og umhverfisgildis. Húsin hafa gildi sem hluti af menningarlandslæpi á svæðinu en þætti verið að einfaldast væri að varðveita hauð sem ríist

Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

G

ö

R

D

Byggingarár: 1958

Fyrsti eigandi: Eiríkur Þorsteinsson
Hönnuður:

Skorradalur

Bakkakot - Hjallur/Geymsla



Hjallurinn á loftmynd frá 1990 (LMÍ)



Horft yfir svæðið þar sem hjallurinn stóð áður,

Gerð húss: Upphafleg:

Byggingarefni: Timbur, byggt svo að
Útveggir:
Þakgerð:
Þakklæðning:
Undirstaða:
Útlit:

Núverandi:

Timbur, byggt svo að
Timburskífur (spónn)
Flatt þak
Bárujárn

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Saga

Lýsing húss:

Húsið er horfið. Aðeins fannst ein þokkaleg ljósmynd við húsakönnun. sem birtist í Byggðum Borgarfjarðar (bls. 222) en hún sýnir húsið úr nokkri fjarlægð. Af henni má sjá að það hefur verið lítið og með flötu þaki. Af loftmynd af svæðinu frá 1990 (Landmælingar Íslands) má sjá að húsið hefur veri næstum ferningslaga. Aðrar upplýsingar um gerð þess er ekki að fá af myndinni. Að sögn Huldu Guðmundsdóttur stóð þarna hjallur úr timbri.

Saga húss:

Geymsluhús frá Bakkakoti. Samkvæmt fasteignamati er húsið byggt 1958 (Þjóðskrá Íslands, 2018). Í Byggðum Borgarfjarðar eru geymslur Bakkakots samtals taldar 140 m³ og hefur hjallurinn verið hluti að þeiri stærðarmælingu (BB II, 222).

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Ekki hægt að gera mat á þar sem húsið er horfið.

Verndarflokkar:

G

ö

R

D

Byggingarár:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður:

Skorradalur

Bakkakot - Smíðaskemma



Smíðaskemman 1950-1960.



Smíðaskemman sumarið 2018

Gerð húss: Upphafleg:

Núverandi:

Byggingarefni:

Útveggir:	Timbur	Timbur
Pakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Pakkklæðning:		Nú er timburþak á húsinu,
Undirstaða:		
Útlit:	Einlyft	Einlyft

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Saga

Lýsing húss:

Húsið var einföld timburbygging en stærstur hluti er nú fallinn þannig að erfitt er að lýsa því sem skyldi. Þó má sjá að mænisþak hefur verið á húsinu sem nú er að hluta fokið burt. Tveir gluggar voru á vesturgafla í sá þriðji í risi yfir þeim og a.m.k. einn gluggi á suðvesturhlið og þar voru einnig dyr. Aðrar hliðar hússins eru að mestu fallnar/foknar og því er ekki hægt að lýsa því nánar. Hluti innviða sést enn og er ljós að þarna hefur verið smíðaskemma. Húsið var einangrað með torfi. Samþyggt austan við skemmuna voru fleiri hús eins og sjá má af ljósmynd sem tekin var af svæðinu á 6. áratug 20. aldar.

Saga húss:

EKKI ER VITAÐ HVENÆR HÚSIÐ ER BYGGT EN ÞAÐ VAR A.M.K. RÍSÐ Á 6. ÁRATUGNUM (SBR. LJÓSMYND FRÁ ÞVÍ SKEIÐI). ÞAÐ ER BYGGT INN Í GAMLA BÆJARHÓLINN OG GÆTI VERIÐ BYGGT OFAN Í ELDRI RÚSTIR EFTIR AÐ YNGRA IBÚÐARHÚS ER BYGGT Á NÝJUM STAÐ.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:

Erfitt að leggja mat á þar sem húsið er að hluta hrunið.

Menningarsögulegt gildi:

Erfitt að leggja mat á þar sem húsið er að hluta hrunið.

Umhverfisgildi:

Erfitt að leggja mat á þar sem húsið er að hluta hrunið.

Upprunalegt gildi:

Erfitt að leggja mat á þar sem húsið er að hluta hrunið.

Tæknilegt ástand:

Erfitt að leggja mat á þar sem húsið er að hluta hrunið.

Varðveislugildi:

Lágt

EN ÞÓ ER ERFITT AÐ LEGGJA MAT Á ÞAR SEM HÚSIÐ ER AÐ HLUTA HRUNIÐ.

Verndarflokkar:

Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti


G

ö

R

D

Efstibær



Staðsetning og umhverfi

Efstibær var fremstur bæja í Skorradal. Á þessum slóðum er dalurinn er þróngur og undirlendi lítið. Tún Efstabæjar eru í dalnum norðanverðum, í aflíðandi halla. Þau eru nú í órækt og hafa verið plægð. Innan túns er talsvert af trjám, einkum barrtrjám, þó hefur mun meira verið gróðursett utan túns en innan. Lúpína vex víða. Bæjarhúsin í Efstabæ voru vestast í þyrpingu húsa á miðju túni. Næsti bær norðvestan við Efstabæ er Sarpur en engin bær var til móts við Efstabæ handan ár, Bakkakot, og er næsti bær sunnan ár um 3,5 km vestar sunnar.



Efstibær, málverk eftir Gunnlaug Stefán Gíslason.

Saga

Elsta þekkta ritheimildin um Efstabæ er frá 1699.¹¹ Jörðin var metin á 16 hdr. 1707 og var þá í eigu bænda norðvestar í dalnum.¹²

Síðasta íbúðarhúsið á jörðinni var timburhús á grjóthlöðnum kjallara, byggt 1902 en talið er að það hafi staðið á svipuðum stað og eldri torfbær. Grunnur hússins er enn greinilegur þótt sjálft húsið hafið verið rifið. Árið 1919 stóðu eftirfarandi hús í heimatúninu:

Íbúðarhús með steinlímduum kjallara, einlyft úr timbri og járni. Skúrar eru við hlið og gafli hússins. 3. al. Stæðilegt. Byggt 1902.

Eldhús með grjótveggjum og torfþaki 6x4 1/6 al. Stæðilegt.

Hjallur með lofti og með járnþaki.

Fjárhús úr torfi með standþili, yfir 20 kindur

Eldiviðarhús 3x2 al.

Fjós yfir 7 gripi með grjótveggjum og járnþaki

Fjóshlaða, með hálfveggjum úr torfi, hitt járnvarið 12x81/4x5 al. Byggð 1902.

¹¹ JS 143 4to, 218-220.

¹² JÁM IV, 164.

Fjárhús 4 yfir 210 kindur með veggjum úr grjóti og með járnþökum. Byggð á árunum 1900-1910.

Fjárhúshlaða uppi á túni 12x7 al eins byggð sem hin fyrri. Það sem er ekki járnvarið af veggjunum er byggt úr grjóti. Byggt 1902.

Hesthús með grjótveggjum af járni undir torfbaki.¹³

Efstibær fór í eyði 1947 og hafði jörðin þá að hálfu verið nýtt frá Sarpi og hélst svo áfram en Háafellsbóni keypti hinn hlutann. Eignarhald er nú óskipt milli Ríkiseigna/Skógræktar ríkisins og einkaaðila.

Önnur hús í túni

Engin hús standa lengur undir þaki í túni Efstabæjar.

Fornleifar í túni

Allmög hús sem orðin eru að tóftum og annars konar mannvistarleifar voru skráðar innan túnmarka í Efstabæ við aðalskráningu.¹⁴ Fornleifar innan túns eru:

Númer	Hlutverk
BO-143:001	Bæjarhóll (húsgrunnur líka skráður í húsakönnun)
BO-143:002	Fjárhús
BO-143:003	Fjós
BO-143:004	Hlaða
BO-143:005	Fjárhús
BO-143:006	Fjárhús
BO-143:034	Hesthús
BO-143:036	Kvíar
BO-143:037	Brunnur
BO-143:041	Brunnur

¹³ FB II, 125

¹⁴ Kristborg Þórssdóttir (ritstj.). 2017: 118-149.

D

R

Ö

G

Fyrsti eigandi:
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Húsið er horfið, jörðin í eyði



Efstibær 1930



Grunnur íbúðarhússins á Efstabæ sumarið 2018

Gerð húss: Upphafleg:**Núverandi:**

Byggingarefni:

Útveggir: Bárujárn

Þakgerð: Mænisþak

Þakklæðning:

Undirstaða: Hlaðin úr hraungrýti/grjóti

Útlit: Einlyft Kjallari

Ris

Kjallari

Viðbygging

Saga Inngönguskúr (bíslag)**Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:****Lýsing húss:**

Síðasta húsið í Efstabæ var einlýft timburhús á hlöðnum grunni en nú er aðeins hálfhrundar undorstöður eftir. Á ljósmynd sem tekin var af húsinu um 1930 má sjá að inngönguskúr hefur verið norðarlega á vesturhlíð og líklega nokkrar tröppur þar upp að. Skúrbygging hefur einnig verið meðfram austurhlíðinni. Kjallarinn er 6 X 3 m að innanmáli, snýr austur-vestur, er nær alveg niðurgraflinn og mest 2,2 m á dýpt.

Grjóthleðslur eru límdar með sementslími. Austurveggurinn stendur best sem og austurhluti norðurveggjar. Gluggi virðist hafa verið á suðurvegg kjallarans um 2 m frá inngangi í um 1,2 m hæð frá botni. Hann hefur verið um 30 cm á breidd. Af málverki Gunnlaugs Stefáns Gíslasonar málara af bænum (sem byggir á ljósmynd) að dæma kann að hafa verið annar gluggi á suðurvegg kjallara austast en engin ummerki sjást um hann í hleðslunni og svæðið sést ekki vel á ljósmynd af bænum frá 1930. Frá því að tóftin var skoðuð 2010 hefur norðurveggur kjallara hrunið mikil. Samkvæmt Guðrúnú Hannesardóttír var mjög kalt í íbúðarhúsinu á Efstabæ og var reynt að bæta úr því síðar með því að einangra allt með strengjatorfi. Ekki er vitað annað en að bærinn hafi ætið verið á þessum sömu slóðum.

Saga húss:

Síðasta íbúðarhúsið á Efstabæ var byggt 1902. Til er lýsing af jörðinni frá því um 1930: „Í þá tíð sem Sveinbjörn og Halldóra bjuggu í Efstabæ taldist hún með betri bújörðum í Borgarfjarðarhéruði. Þá voru hvorki aðrar jarðir betur hýstar né fleiri hús undir járnþaki í héraðinu, en í Efstabæ“ (Af heimasiðu Framdalsfélagsins). Jörðin fór í eyði 1947 og hafði þá að hálfa verið nýtt frá Sarpi BO-142 en Háafellsbóni keypti hinn hlutann. Húsið líklega rifið mjög fljóttlega á að það fell í eyði það. Eignarhald er óskipt milli Ríkiseigna/Skógræktar ríkisins og einkaaðila.

Önnur hús í túni:

Engin hús standa undir þaki í heimatúni Efstabæjar. Þar voru hins vegar fjölmörg hús og voru þau skráð í fornleifaskráningu (sjá fornleifanúmer BO-143:001-006, 034, 036, 037 og 041).

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Ekki hægt að leggja mat á þar sem húsið horfið og aðeins grunnurinn eftir. Þó rétt að tryggja varðveislu hans

Verndarflokkar:


G

ö

R

D

Fitjar



Yfirlitskort af heimatúni Fitja. Á því má sjá merkt húsin 6 sem koma við sögu í húsakönnun.
Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Staðsetning og umhverfi

Fitjar eru norðan við Fitjaá en jörðinni tilheyrir einnig land sunnan við ána á Botnsheiði. Það svæði er á milli Bakkakots og lands sem tilheyrir Efstabæ. Fitjar áttu skógarítak í Vatnshornshlíð. Jörðin átti góð engjalönd og mýrar ofan við þær og að fjallsrótum.

Gamli bærinn á Fitjum var skammt norðvestan við Fitjakirkju sem enn stendur, skammt norðan við núverandi íbúðarhús sem byggt var árið 1939. Gamli bílvegurinn lá um hlaðið að bænum á milli bæjarhóls og núverandi íbúðarhúss, að kirkjunni og áfram í átt að Sarpi, sem er næsti bær austan við. Til norðausturs er næsti bær Háafell og svolitið utar en til móts við bæjarstæðið er Bakkakot.



Fitjar, málverk eftir Gunnlaug Stefán Gíslason.

Saga:

Fitjar eru án efa ein þeirra jarða sem byggjast fyrst upp í framdalnum, ásamt Vatnshorni. Jarðarinnar er fyrst getið í kirknaskrá Páls biskups Jónssonar frá um 1200¹⁵ og í fjölmögum öðrum rituðum heimildum fram eftir öldum. Árið 1707 er jörðin kirkjustaður, metin á 30 hdr. (að frátöldu Bakkakoti sem var talin ¼- ½ af jörðinni eins og hún var áður).¹⁶

Árið 1919 er húsum í heimatúninu lýst á eftirfarandi hátt:

Baðstofa úr torfi 9x6 al alþiljuð með standpil. Járn er ofan á súð undir

torfþaki. Byggð 1903. Bæjardyr 9x3 al - Hrörlegar.

Eldhús 6x4 al.

Eldiviðarkofi 6x4 al - Hrörlegur

Fjós f. 10 gripir með járnþaki. Byggt 1910.

Fjóshlaða 12x9x6 al að mestu úr timbri og járni. Skúr 4 al breiður.

Fjárhúsin eru 6 yfir 200 fjár, öll úr torfi, flest gömul.

Hesthús yfir 9 hross - Stæðileg¹⁷.

¹⁵ DI XII, 10.

¹⁶ JÁM IV, 165

¹⁷ FB II, 119

Á túnakorti frá 1918 eru sýnd fjögur hús á bæjarhólnum sem öll eru skráð með honum í fornleifaskráningu. Austast var hlóðaeldhús, þar vestan við var bærinn, þá fjárhúshlaða. Aftan/norðan við hlóðaeldhúsið var fjósið. Árið 1929 voru eftirtalin hús á jörðunni: "Íbúðarhús: Baðstofa með kjallara grjóthl. 5,6 + 3,76 m og járnþak."¹⁸ Fastri búsetu á Fitjum lauk 1981 en skógarbúskapur hófst 1988 og þar er enn búið árið um kring.

Íbúðarhúsið

Íbúðarhúsið á Fitjum er vafalítið byggt eftir teikningu frá Teiknistofu landbúnaðarins sem varð til árið 1938 við sameiningu nokkurra stofnana sem áður höfðu veitt bændum aðstoð og ráðgjöf í byggingarmálum. Um það leyti sem Fitjahúsið var byggt var Þórir Baldvinsson nýlega tekinn við sem forstöðumaður Teiknistofunnar. Þórir hafði numið byggingarlist í Bandaríkjum og honum fylgdu nýir straumar. Svo virðist sem flest hús sem teiknuð voru á vegum ráðgjafastofnananna framan af hafi verið í anda þjóðlegrar rómantíkur og mörg þeirra með burstabæjarformi. Þórir fylgdi nytjastefnu eða funksjónalisma og flest húsin sem teiknuð voru eftir að hann kom til starfa voru í þeim anda. Þau voru gjarna á einni hæð, nær ferningslaga að grunnfleti, með lágreistu valmaþaki og oft með horngluggum.

Fitjahúsið ber þessi einkenni nema hvað það er með kjallara og þar var eldhúsið frá fyrstu tíð. Við vesturhlíð hússins er inngönguskúr með einhalla þaki. Framan við útidyrnar sem eru á suðurhlíð skúrsins eru tröppur með fjórum þrepum og palli efst. Úr forstofu eru tröppur niður í kjallara og upp á íbúðarhæðina.

Önnur hús í túni, skráð í húsakönnun

Þrjú hús standa undir þaki í heimatúninu: vélageymsla sem nú þjónar hlutverki safnaðarheimilis Fitjasóknar, fjárhús og hlaða sem nú hefur verið innréttar sem gistiheimili og Fitjakirkja. Að auki náði húsakönnunin til fjárhúsa/hlöðu og lambhúss sem eru bæði horfin (en eru of ungar byggingar til að þær hafi verið teknar á fornleifaskrá).


Fornleifar í túni

Auk húsa undir þaki eru margvíslegar aðrar mannvistarleifar innan túns á Fitjum og voru allar þekktar fornleifar skráðar í aðalskráningu.¹⁹ Fornleifar innan túns eru:

¹⁸ Þí. Fr. BAc.

¹⁹ Kristborg Þórssdóttir (ritstj.). 2017: 55-82.

Númer	Hlutverk
BO-140:001	Bæjarhóll
BO-140:002	Kirkja (líka skráð í húsakönnun)
BO-140:003	Kálgarður
BO-140:004	Kálgarður
BO-140:006	Lambhús
BO-140:007	Fjárhús
BO-140:008	Smalagerði (örnefni)
BO-140:009	Kvíar
BO-140:010	Fjós
BO-140:011	Heygarður
BO-140:015	Gerði (örnefni)
BO-140:022	Traðir
BO-140:030	Öskuhaugur
BO-140:049	Kvíar
BO-140:055	Brunnur



Fyrsti eigandi: Karólína Hallgrímsdóttir og Stefán og Hönnuður:



Íbúðarhúsið á Fitjum.

Gerð húss: Upphafleg:

Byggingarefni:	Steinsteypt	Núverandi:	Steinsteypt
Útveggi:	Múrsléttad		Bárujárn
Þakgerð:	Valmaþak		Mænisþak
Þakklæðning:	Bárujárn		Bárujárn
Undirstaða:			
Útlit:	Reykáfur Kjallari		Ris Inngönguskúr (bíslag) Útitröppur Kjallari

Saga

Lýsing húss:

Íbúðarhúsið á Fitjum er steinsteypt, kjallari, hæð og íbúðarris undir mænisþaki með stefnu austur – vestur. Húsið bar upphaflega sterk einkenni fúnkisstefnu með horngluggum og valmaþaki. Að sögn Huldu Guðmundsdóttur var timbur úr gamla bænum notað í nýja íbúðarhúsið. Í samantekta Huldu Guðmundsdóttur um hús í Skorradal kemur fram að veggir Fitja voru steyptir tvöfaldir, með reiðingstorfi á milli. Húsið er í mjög góðu ásigkomulagi. Því er vel við haldið og allt hið snotrasta innan sem utan.

Saga húss:

Byggt árið 1939. Fastri búsetu lauk 1981 en skógarbúskapur hófst 1988 (BB II, 226). Árið 1988 voru útveggir einangraðir að utan og klæddir trapisustáli. Þá var timbur í þakinu orðið verulega skemmt af fúa og það endurbyggt sem mænisþak og risið innréttá til íbúðar. Gluggaskipan hússins er óbreytt frá upphaflegri gerð nema hvað stórir, nútímalegri gluggar eru á góflum rishæðarinnar. Líklegt er talið að húsið hafi verið teiknað á Teiknistofu landbúnaðarins, og þá sennilega af Þóri Baldvinssyni eða undir leiðsögn hans. Nú (2018) stendur til að byggja 1-2 ný íbúðarhús í túninu á næstu misserum. Gamli bærinn á Fitjum var um 20 m norðan við núverandi íbúðarhús. Eigendur eru Jón Arnar og Karólína Hulda Guðmundsbörn.

Önnur hús í heimatúnu:

Fitjakirkja b. 1897, fjárhús b. 1959, fjós b. 1970, fjós og hlaða b. 1967-1868 og vélageymsla b. 1974. Að auki voru skráð fjárhús/hlaða sem stóðu talsvert norðvestar og lítið lambhús sem stóð þar nálægt en umrædd hús voru of ung til að vera tekin með á fornleifaskrá en öll ummerki um þau eru horfin. Fjölmög önnur mannvirkir voru í túninu og voru skráð í fornleifaskráningu þar (sjá númer BO-140:001-004, 006-011, 015, 022, 030, 049 og 055)

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist: Miðlungs Listrænt gildi hússins hefur heldur rýrnað við seinni tíma breytingar

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs Menningarsögulegt gildi hússins hefur heldur rýrnað við seinni tíma breytingar

Umhverfisgildi: Hátt Mikilvægur hluti af menningarlandslagi Fitja

Upprunalegt gildi: Miðlungs Húsið hefur tekið talsverðum breytingum en innri skipan og gluggaskipan að mestu óbreytt

Tæknilegt ástand: Hátt Húsið er í góðu ástandi

Varðveislugildi: Miðlungs Með tilvisun í listrænt-, menningarsögulegt og umhverfisgildi.

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti



Fitjar sumarið 2018

Helstu breytingar:

- 1988 Húsið klætt utan með hvítu bárujárn og einangrað
- 1989 Þaki var skipt um þakjárn og sperrur og þaki breytt, rishæð byggð ofan á og

Hönnuðir breytinga:

G

ö

R

D

Fyrsti eigandi: Guðmundur og Stefán Stefánssynir
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Landbúnaður
Núverandi notkun:



Loftmynd af fjárhúsasamstæðunni frá 1972.



Horft yfir autt fjárhússtæðið sumarið 2018

Gerð húss: Upphafleg: Núverandi:

Byggingarefni: Steinsteyp特
Steinsteyp特
Útveggir:
Þakgerð: Mænisþak
Þakklæðning: Bárujárn
Undirstaða: Steinsteyp特
Útlit: Kjallari

Helstu breytingar:**Hönnuðir breytinga:****Saga****Lýsing húss:**

Húsið er nú horfið og sjást engin ummerki þess. Af tiltækum upplýsingum að dæma var það samsett úr fjórum sambyggðum húsum. Að baki voru þrjú hús í röð sem sneru norðvestur-suðaustur en framan við þau var fjórða húsið sem var sjálf fjárhúsið. Húsin voru byggð í nokkrum skrefum, elst var ein hlaðan sem stóð að húsabaki. Yngri hlaða stóð austar og fjárhús utar. Hlöður voru rifnar á fyrrí hluta 10. áratug 20. aldar en fjárhúsið neðst stóð lengst eða fram undir 2005. Gengið var inn í fjárhúsin að suðvestan. Húsin voru úr blönduðu efni, hluti veggja var úr torfi og grjóti en húsin annars bárujárnshús með timburgrind.

Saga húss:

Samkvæmt Byggingarvottorið og virðingagjörð frá 1959 byggði Guðmundur Stefánsson, ábúandi, húsið árið 1959. Þar segir einnig að hlíðarveggir fjárhúsanna og undirstöður séu steyptar, og bárujárnslæddar. Undir fjárhúsunum var 1 m djúpur kjallari (þí. BL. 2005 A/74). Í Byggðum Borgarfjarðar frá 1989 segir að fjárhús sé á jörðinni f. 360 fjár (BB II, 226).

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi: Ekki hægt að leggja mat á þar sem húsið horfið.

Verndarflokkar:

G

ö

R

D

Byggingarár: 1970

Fyrsti eigandi: Guðmundur og Stefán Stefánssynir
Hönnuður:



Fjós og hlaða á 9. áratug 20. aldar.

Gerð húss: Upphafleg:

Byggingarefni: Steinsteyp
Útveggir:
Þakgerð: Mænisþak
Þakklæðning:
Undirstaða:
Útlit: Einlyft
Tvílyft

Núverandi:

Steinsteyp
Bárujárn
Mænisþak
Bárujárn
Tvílyft
Einlyft

Skorradalur

Upphafleg notkun: Landbúnaður / Geymsla / Díselstöð
Núverandi notkun: Þjónusta



Fjós og hlaða sem nú þjóna hlutverki gistihaus.

Helstu breytingar:

2009 Endurbiggð og -bætt og breytt í gistiheimili

Hönnuðir breytinga:

Saga

Lýsing húss:

Fjós með hlöðu að baki. Fjósið var steinsteyp, með timburgafli. Samkvæmt byggingarvottorði og virðingagjörð frá 1969 var húsið var innréttarð fyrir gripi, en helmingur hússins nýttur sem geymsla og fyrir díselstöð. Húsið var einangrað með plasti og dúkum. Yfirsmiður verksins var Jón Hannesson. (PÍ. BL. 2005 A/74). Fjósið snýr framgaflí í suður. Það er með steinsteyptar langhliðar og timburgafli undir mænisþaki. Gengið er um dyr á gaflinum í forstofu. Á hægri hönd er baðherbergi með tveimur litlum gluggum fram á hlöðið. Á vinstrum hönd er gegnið í setustofu með stórum glugga fram á hlöðið og tveimur gluggum á vesturvegg. Inn af stofunni er eldhús og borðkrókur. Tvílyft hlaðan er aftan við fjósið og snýr göflum í austur – vestur. Á efri hæðinni er gistiðstaða í stóru, opnu rými. Þangað er gengið um dyr á bakvegg eldhússins um stiga upp á hlöðulofti. Gistiþássíð nær þó ekki að austurgafli hússins, en þar er opið frá neðri hæðinni upp í mæni. Á neðri hæð hlöðunnar er verkstæði og vélageymsla. Dyr hennar eru á suðurhlíðinni, austan við fjósið. Austasti hlutinn er vélageymsla sem opin er upp í mæni. Húsið er í mjög góðu ásígkomulagi. Því er vel við haldið og allt hið snotrasta innan sem utan.

Saga húss:

Í Byggingarvottorði og virðingagjörð frá 1970 kemur fram að Guðmundur Stefánsson, ábúandi á Fitjum, byggði á árunum 1968 til 1970 fjós, 55 m² að stærð. Í Byggðum Borgarfjarðar frá 1989 er fjós skráð á lóð Fitja fyrir 10 nautgrípi (BB II, 229). Fjósið og hlaðan voru endurbiggð eða endurbætt árið 2009 og breytt í gistiheimili.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist: Miðlungs Einföld byggingargerð en dæmigerð fjós og hlaða fyrir sitt tímaskeið

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs Vel hefur tekist til við að breyta húsinu í takt við nýjar þarfir

Umhverfisgildi: Miðlungs Sem hluti af menningarlandslagi Fitja

Upprunalegt gildi: Miðlungs Húsið hefur tekið nokkrum breytingum en lögun þess er óbreytt

Tæknilegt ástand: Hátt Húsinu er vel við haldið

Varðveislugildi: Miðlungs Með tilvísun til listræns-, menningarsögulegs- og umhverfisgildis.

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

G

ö

R

D

Byggingarár:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður:

Skorradalur

Fitjar - Lambhús



Lambhúsið á loftmynd frá 1972.

Gerð húss: Upphafleg:

Byggingarefni:
Útveggir:
Þakgerð: Mænisþak
Þakklæðning:
Undirstaða:
Útlit: Einlyft

Núverandi:



Horft yfir svæðið þar sem fjárhús og lambhús stóðu.

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Saga

Lýsing húss:

Lítil lambhús var nærri fjárhúsum sem stóðu rúmlega 200 m norðvestan við íbúðarhúsið á Fitjum. Lambhúsið sést á loftmynd af Fitjum frá 1972 (í eigu ábúenda). Lambhúsin virðast hafa verið lítil bygging og einföld. Húsið hefur snúið ANA-VSV, með mænisþaki og inngangi á suðvesturgafi.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Ekki hægt að leggja mat á þar sem húsið horfið.

Verndarflokkar:

G

ö

R

D

Byggingarár: 1974

Fyrsti eigandi: Stefán og Guðmundur Stefánssynir
Hönnuður: Jón Hannesson

Skorradalur

Fitjar - Vélageymsla/safnaðarheimili



Vélaskemma á 9. áratug 20. aldar.



Fitjar - Vélageymsla/safnaðarheimili sumarið 2018

Gerð húss: Upphafleg:

Byggingarefni: Timbur, bindingar
Útveggir:
Þakgerð: Mænisþak
Þakklæðning: Járn
Undirstaða:
Útlit: Einlyft

Núverandi:

Timbur, bindingar
Bárujárn
Mænisþak
Bárujárn
Einlyft

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Saga

Lýsing húss:

Húsið var byggt sem vélagskemma. Það stendur á steinsteypum undirstöðum og er með steyptu gólf. Það er bárujárnslætt timburhús með mænisþaki. Gengið er í húsið um dyr á austurgaffi og þar eru líka stórar dyr fyrir vélar. Á hvorri langhlíð eru sex gluggar og tveir á vesturgaffi. Húsið er einn stór salur. Veggar eru klæddir lerkipón að innanverðu en í loftinu er bárujárn klætt neðan á bita. Húsið er búið sýningarbúnaði svo mögulegt sé að fylgjast þar með athöfnum í kirkjunni. Í lofti salarins eru ljósabraitir og kastarar til að lýsa upp myndlist á veggjum. Vélageymslan var endurbætt eða endurbyggð árið 2010 og breytt í safnaðarheimili. Húsið er í mjög góðu ásigkomulagi. Því er vel við haldið og allt hið snotrasta innan sem utan.

Saga húss:

Húsið er byggt árið 1974, yfirsmiður var Jón Hannesson. "Grunnveggir eru steyptir á harðan malarveg, 1,6 m timbugrind úr 2x4 og kraftsperrur, langbond 5/4x5 og 1x6 pappi er undir járni [...], frágangi er lokið að öðru leyti en því að eftir er að steypa gólf, en verður að sjálfsögðu gert við fyrstu veðurskilyrði" (ÞÍ. BL. 2005 A/74).

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist: Miðlungs Hús af einfaldri gerð en að mörgu leyti dæmigert fyrir sitt byggingarskeið og hlutverk

Menningarsöglegt gildi: Miðlungs Vel hefur tekist til við að breyta húsinu í takt við nýjar þarfir

Umhverfisgildi: Miðlungs Mikilvægur hluti af menningarlandslagi Fitja

Upprunalegt gildi: Miðlungs Form hússins er óbreytt

Tæknilegt ástand: Hátt Húsinu er vel viðhaldið

Varðveislugildi: Miðlungs Með tilvísun til listræns-, menningarsöglegs- og umhverfisgildis

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

G

ö

R

D

Fyrsti eigandi: Stefán Guðmundsson og Júlíus Guðmundsson
Hönnuður: Eiríkur Þórsteinsson

Upphafleg notkun: Kirkja / Menningarstarfsemi /
Núverandi notkun: Kirkja / Menningarstarfsemi



Fitjarkirkja, mynd af síounni framdalur.is



Fitjarkirkja sumarið 2018

Gerð húss:**Upphafleg:****Núverandi:**

Byggingarefní:	Timbur	Timbur
Útveggir:	klæðningsborðar alls	Timbur
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Slétt járn	Bárujárn
Undirstaða:	Hlaðin úr tilhöggnu grjóti	Hlaðin úr tilhöggnu grjóti
Útlit:	Einlyft Útitröppur	Einlyft Útitröppur

Helstu breytingar:**Hönnuðir breytinga:**

- Bárujárníð rifið, og kirkjan klædd timbri í staðinn.
- 1902 Grunnur kirkjunnar endurbættur; kirkjan rétt f og grunnur steinlímdu.
- 1954 Kirkjan máluð í fyrsta skipti.
- 1993 Kirkjan fest á grunni með niðurgrafrna stólpa og hlaðið umhverfis
- 1994 Skipt um gólf í kirkjunni.

Saga**Lýsing húss:**

Fitjarkirkja er 6,41 x 4,48 m að grunnfleti. Hún er úr timburkirkja með mænisþaki án turns og forkirkju, járnklædd á hlöðnum grunni. Crossmark á vesturgaflí og dyr. Tveir sexrúðna gluggar með miðjupósti eru á hvorri langhlið. Veggar eru klæddir listasúð, grárrí að lit en rauðmálað bárujárn á þaki. Tvöfaldar vænghurðir eru fyrir kirkjudyrum. Við dyr eru tvö þrep úr tilhöggnu grágryti. Kirkjan er í miðjum kirkjugarði. Garðurinn er ferhryningslagi, 25x24 m og ósléttáður. Talsvert er af trjágróðri í honum og umhverfis hann er timburgiðing. Sáluhlið er gegnt kirkjudyrum, með skorinni áletrnum "Fitjarkirkja 1897". Kirkjan er í mjög góðu ástandi og umhirðan hennar eins og best verður á kosið. Hún stendur í litlum kirkjugarði með ýmsum minningarmörkum á leiðum sem sum eru upphlaðin. Kirkjan er raflýst (Kirkjur Íslands XIII, 70, 73). Nánari lýsingu á kirkjunni er að finna í bókinni Kirkjur Íslands.

Saga húss:

Kirkjunnar er fyrst getið í kirknaskrá Páls frá sírka 1200 (DI XII, 10). Núverandi kirkja var byggð á árunum 1896 til 1897. Í upphafi var kirkjan reist sem útkirkja frá Lundi og tíu árum síðar var sóknin lögð til Hestþinga og síðan til Hvanneyrar. Kirkjuhúsið er smíðað af Júlíus og Stefán Guðmundssonum, Fitjabændum. Hún er meðal síðustu kirkna, sem voru reistar í hinum turnlausá og fábreytta stíl. Ekki fóru aðeins guðþjónustur þar fram heldur var kirkjan einnig notuð fyrir samkomur og dans (Svipbing, 229). Árið 1898 er kirkjan skoðuð af prófasti Jóni Sveinssyni. Þar kemur fram að kirkjan sé krossreit og stendur á einhlöðnum grunni úr steini. Að utan hafi kirkjan verið klædd sléttu klæðningsborðum alls staðar ólistuðum ef frá er talið á austurgaflí. Austurgaflinn sé byggður úr byggingarefni af gömlu kirkjunni og er viður tekinn að fúna. Þakið hafi allt verið járnklætt með skarsúð undir (þí. B. AA/13). Þar kemur fram að gagnger lagfæring fór fram á Fitjarkirkju árunum 1990-1994. Hún var klædd með upprunalegri klæðningu að innan. Eigendur staðarbændur á Fitjum. Kirkjan er ein af fáum bændakirkjum sem enn er viðhaldið hér á landi (BB, 219).

Varðveislumat:

Listraent gildi / Byggingarlist:	Hátt	Elsta hús dalsins. Dæmigerð fyrir einföldustu gerð kirkna undir lok 19. aldar
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Sóknarkirkja svæðisins og elsta hús dalsins.
Umhverfisgildi:	Hátt	Miðdepill sóknarinnar og elsta hús hennar.
Upprunaleglt gildi:	Hátt	Húsið hefur lítið breyst frá upphafi.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Nýlega uppgert og vel viðhaldið.
Varðveislugildi:	Hátt	Með tilvísun til listraens-, menningarsögulegs- og umhverfisgildis
Verndarflokkar:		Friðlýst hús - blár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

G


ö

R

D

Hagi/Svangi

Staðsetning og umhverfi



Yfirlitskort af heimatúninu í Haga. Á því má sjá merkt inn húsin 6 sem fjallað er um í húsakönnun.
Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Hagi er sunnan við Skorradalsvatn sunnanvert, nálega um mitt vatnið. Undirlendi er lítið á þessum slóðum og brattlent fyrir framan bæinn. Út og upp með bænum er hlíðin að mestu vaxin vallendis- og móagróðri, með mýrarteygingum á stöku stað. Á vestanverðri jörðinni er talsverður skógur. Næsti bær suðaustar er Vatnshorn en norðvestar á jörðin landamerki við Stóru-Drageyri. Handan Skorradalsvatns er jörðin Stálpastaðir.

Saga

Elsta þekkta heimild um Svanga (sem eftir 1922 hefur nefnst Hagi) er frá því um 1220 en jarðarinnar er þar getið sem afréttar Garðakirkju en ekki getið um ábúð.²⁰ Elsta heimildin um býli á þessum stað er hins vegar frá 15. öld en þá tilheyrði jörðin (Svangakot sem líklega var á sama stað heimatúnið er nú) Leirárkirkju og hún var enn eigandi 1707.²¹ Árið 1707 var jörðin

²⁰ DI I, 418.

²¹ DI X, 33 og JAM IV, 160-161



Hagi/Svangi, málverk eftir Gunnlaug Stefán Gíslason.

metin á 10 hdr. Kirkjulegt eignarhald jarðarinnar endurspeglast m.a. í því að ýmsar kirkjur áttu þar ítok til skógarhöggs og beitar eða uppreksturs. Á 17. öld er tvíbýli á jörðinni.

Í heimatúninu voru 1919 eftirtalin hús:

Baðstofa 7x6 al úr torfi, súð alþiljuð. Byggð 1913.

Eldhús 4x3 al - lélegt torfhús.

Búr 3x5 al mjög hrörlegt.

Fjós yfir 3 gripi - næstum fallið.

Skemma með þili - hrörlegt torfhús.

Fjárhús 3 yfir 70 fjár - lítilfjörleg

Hesthús yfir 3 hesta.²²

Árið 1929 var bæjarhúsum lýst á eftirfarandi hátt: "Baðstofa með kjallara 5,65+3,45, skúrar við báðar hliðar, kjallari grjóthlaðinn. Torfveggir með járnþaki, byggð 1928. Fjós fyrir 3

²² FB II, 136-137

kýr. Torfhús nýlegt. Hesthús 5 hesta Torfhús. Fjárhús fyrir 80 fjár Torfveggir járnþaki. Hlöður 120 m³, nýleg timburhlaða með torfvegg. Aðrar byggingar eða mannvirki: Vatnsveita í fjós og bæ 120 m.²³

Gamli bærinn var 120 m SSA við íbúðarhús sem byggt var árið 1927 og stendur enn á jörðinni. Jörðin fór í eyði 1996.

Innri skipan íbúðarhúss

Gengið er inn í íbúðarhúsið um dyr á norðvesturhlið inngönguskúrs sem er við húsið norðaustanvert. Gólf inngönguskúrsins er um það bil einu þrepi ofar en jarðvegur fyrir utan, miðja vegu milli gólfa kjallara og baðstofu og tréstigar á milli. Eldhús er í kjallara við vesturgaflinn en íveruherbergi uppi. Í eldhúsi er gömul eldavél og gömul innréttning. Eldavélin hefur jafnframt verið miðstöðvarkynding, líkt og á Háafelli og í Bakkakoti.

Önnur hús í túni, skráð í húsakönnun

Þrjú hús standa undir þaki í heimatúni Haga: Fjárhús/ hlaða, reykkofi og lambhús og það fjórða, endurvarpsstöð, er í túnjaðri. Auk þessara húsa var í húsakönnun skráð smíðaskemma sem stóð í túninu þar til nýlega (en var of ung til að fara með á fornleifaskrá).

Fornleifar í túni

Auk húsa undir þaki er margvíslegar aðrar mannvistarleifar innan túns í Haga og voru allar þekktar fornleifar skráðar í aðalskráningu.²⁴ Fornleifar innan túns eru:

Númer	Hlutverk
BO-146:001	Bæjarhóll
BO-146:002	Útihús
BO-146:003	Útihús
BO-146:009	Leið
BO-146:014	Lambhús (undir þaki, líka skráð í húsakönnun)
BO-146:015	Fjós
BO-146:016	Hlaða

²³ Þí. Fr. BAc

²⁴ Kristborg Þórssdóttir (ritstj.). 2017: 183-198

BO-146:017	Reykkofi (undir þaki, líka skráð í húsakönnun)
BO-146:018	Rafstöð
BO-146:019	Útihús
BO-146:020	Kálgarður
BO-146:023	Púst (óþekkt hlutverk)

D R Ö G

Fyrsti eigandi: Þórður Runólfsson og Halldóra Guðjónsdóttir
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Eyðibýli



Hagi, mynd af framdalur.is



Hagi sumarið 2018

Gerð húss: Upphafleg:

Byggingarefni:	Timbur	Núverandi:	Timbur
Útveggir:	Bárujárn		Bárujárn
Þakgerð:	Mænisþak		Mænisþak
Þakklæðning:			Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt		Steinsteypt
Útlit:	Einlyft Kjallari		Viðbygging Reykjháfur Einlyft Kjallari Inngönguskúr (bíslag)

Saga**Lýsing húss:**

Lítið einlyft timburbúi með rísi á lágum steinsteyptum kjallara. Gaflar snúa í vestur og austur. Við báðar langhliðar eru skúrbyggingar með einhalla þaki. Veggir og þak er klætt bárujárn. Á miðum mæni er langt, grannt reykróð fest með vírstögum. Skúrinn við norðurhliðina er geymsla og virðist hann heldur yngri en þó reistur í tveimur áföngum. Sá hluti hans sem nær að vesturgaffli er með steinsteyptum vegg að sunnan og að hluta til að vestan. Á vesturgafflinum eru dyr og gluggi við hlíð þeirra. Eystri hluti skúrsins er hins vegar bárujárnsklæddur og með lítlum glugga á austurgaffli. Húsið hefur staðið ónotað í nokkra áratugi og er nokkuð farið að hrörna. Bárujárn á þaki er ryðgað og allmargar plötur virðast lausar. Gat hefur rofnað á austurgaffli inngönguskúrsins og þar má sjá að veggurinn er stoppaður með heyi og máttarviðir eru fúnir. Brotin rúða er í glugga á sama gaffli. Steinsteypuveggur geymsluskúrsins er mjög veðraður og sprunginn. Húsið var mælt upp og teiknað árið 2010 á vegum Gullinsniðs ehf af Keith Daly arkitekt.

Saga húss:

Árið 1940 eru á jörðinni þessi hús: "Bær með hlöðnum kjallara veggir að mestur undir járni. Stærð 5,65x3,5x3,5 m. Miðstöð frá eldavél 3 ofnar. Eldhús í kjallara og geymsla. (þí. Fr. BAc). Gamli bærinn í Haga/Svanga var um 120 m SSA við íbúðarhúsið sem nú stendur á jörðinni en íbúðarhúsið va líklega byggt á rústum úтиhúss sem teiknað var inn á túnakort ári 1918. Í bókinni Eyðibýli á Íslandi 3, bls. 143: kemur fram að viðbygging að norðan er viðbót við íbúðarhúsið en að sunnan var hænsnakofi Nyrst var reyndar hrörlegt timburskýli þegar bærinn lagðist í eyði 1996 (sést á ljósmynd). Bærinn fór í eyði árið 1996 og er jörðin að hálfu í eigu afkomenda síðustu ábúenda og að hálfu í eigu sjóðs í vörslu Landspítalans.

Önnur hús í heimatúninu:

Fjárhús, reykkofi, og og endurvarpsstöð standa undir þaki í túni og voru skráð í húskönnun. einnig smíðaskemma sem er fallinn en of ung til að hafa verið skráð með í fornleifaskráningu. Að auki fjölmargar mannvistarleifar í túni sem skráðar voru í fornleifaskráningu (BO-146:001-003, 009, 014-020 og 023).

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist: Hátt Sérstök húsagerð, áberandi á svæðinu, líklega sprottin af hitunartækni þar sem eldavél og miðstöðvarketill eru sameinuð.

Menningarsögulegt gildi: Hátt Sérstök húsagerð, áberandi á svæðinu, líklega sprottin af hitunartækni þar sem eldavél og miðstöðvarketill eru sameinuð.

Umhverfisgildi: Hátt Sem ein mikilvægasta byggingin í heimatúni Haga. Mikilvægur hluti af menningarlandslagi jarðarinnar

Upprunalegt gildi: Hátt Húsið hefur tekið lítlum breytingum

Tæknilegt ástand: Lágt Húsið hefur verið í vanhirðu árum saman

Varðveislugildi: Hátt Með tilvísun til listræns-, menningarsögulegs- og umhverfisgildis.

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

G

ö

R

D

Byggingarár:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður:



Endurvarpsstöð sumarið 2018

Skorradalur

Hagi - Endurvarpsstöð

Upphafleg notkun: Landbúnaður
Núverandi notkun: endurvarpsstöð



Endurvarpsstöð sumarið 2018

Gerð húss: Upphafleg:

Byggingarefni: Timbur, bindingar
Útveggir: Bárujárn
Þakgerð: Mænisþak
Þakklæðning: Bárujárn
Undirstaða:
Útlit:

Núverandi:

Timbur, bindingar
Bárujárn
Mænisþak
Bárujárn
steypptir stöplar
Einlyft

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Saga

Lýsing húss:

Lítil bárujárnsklæddur timburskúr með lágu risþaki á steinsteyptum undirstöðum. Mænir snýr í austur-vestur og dyr á miðri vesturhlið og hjá þeim málmskilti með áletruninni: Keflavíkurvektakar hf. Framleiðslunúmer 009. Við austurgafl eru tveir háir „símastaurar“ með ýmiss konar loftnetum sem tengd eru inn í skúrinn með rafmagnssnúruknippi. Á suðurhlið skúrsins eru stoðir úr málmrörum með áfestum loftnetum. Skúrinn virðist í góðu ástandi. Húsið er í túnjaðri/fast utan við tún.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist: Lágt Kofi af einföldustu gerð, byggt án listræns metnaðar.

Menningarsögulegt gildi: Lágt Nýleg bygging án tengingar við menningarsögu svæðisins.

Umhverfisgildi: Lágt Ekki í samhengi við minjar í túni.

Upprunalegt gildi: Hátt Óbreytt

Tæknilegt ástand: Hátt Nýlegt hús

Varðveislugildi: Lágt Með tilvísun til listræns-, menningarsögulegs- og umhverfisgildis

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

G

ö

R

D

Fyrsti eigandi: Þórður Runólfsson og Halldóra Guðjónsdóttir
Hönnuður:

Upphafleg notkun:
Núverandi notkun: Var fjárhús og hlaða, nú í eyði



Fjárhúsin, mynd af vef Framdalsfélagsins



Fjárhús og hlaða sumarið 2018

Gerð húss: Upphafleg:

Byggingarefni: Bárujárnslædd hús á
Útveggir: Bárujárn
Þakgerð: Mænisþak
Þakklæðning: Bárujárn
Undirstaða:
Útlit: Einlyft

Bárujárnslædd hús á
Bárujárn
Mænisþak
Bárujárn
Einlyft

Núverandi:**Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:****Saga****Lýsing húss:**

Fjárhús og hlaða sambyggð. Bæði húsin eru klædd bárujární á viðalitla timburgrind. Fjárhúsið er að hluta til á steinsteyptum undirstöðum en hlaðan á grjóthlöðum undirstöðum. Fjárhúsið snýr austur – vestur með ferner dyr á vesturgaffi með fimm gluggum fyrir ofan en hlaðan er þvert fyrir fjárhúsinu að austan með mæni í suður – norður. Að sunnan er hlaðan grafin inn í brekkuna og grjóthleðslan hefur að nokkru leyti hrunið inn í húsið bæði að norðan og austan. Hlöðudyrnar eru á suðurgaffi og við austurhlíð hlöðunnar er skúrbygging með einhalla þaki, líklega hefur hlaðan verið stækkuð. Á suðurhlíð skúrsins eru stórar dyr. Garðar fjárhússins eru á grjóthlöðnum balkum. Ástand hússins er slæmt. Húsið byrjað að falla.

Saga húss:

Fjárhúsið byggir á gömlum grunni. Á sama stað stóð fjárhús þegar túnakort fyrir jörðina var teiknað 1918 en líklega var það hús rifið fyrir 1929 og þá byggt nýtt fjárhús á sama stað og það gæti að hluta til verið sama hús og enn stendur (Þjóðskrá Íslands, 2018). Í fasteignamatíð frá 1929 segir: "Fjárhús fyrir 80 fjár Torfveggir járnþaki." (ÞÍ. Fr. BA). Á árunum milli 1930 til 1940 var húsið stækkað, en í Fasteignamatí 1940 segir: "Fjárhús fyrir 120 kindur." (ÞÍ. Fr. BA).

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist: Miðlungs Dæmigerð fjárhús og hlaða fyrir sitt tímiskeið

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs Dæmigerð fjárhús og hlaða fyrir sitt tímiskeið

Umhverfisgildi: Miðlungs Húsið hefur umhverfisgildi sem hluti af þeirri heild sem minjar um búskap í Hæsa Æri

Upprunalegt gildi: Miðlungs Mjög óljóst um byggingarsögu

Tæknilegt ástand: Lágt Húsin eru að hruni komin

Varðveislugildi: Miðlungs Með tilvísun til listræns-, menningarsögulegs- og umhverfisgildis. Húsin

Verndarflokkar: Verndarflokkar heild - gulur litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

G

ö

R

D

Byggingarár: 1960

Fyrsti eigandi: Þórður Kristján Runólfsson og Halldóra Hönnuður:



Geymsla/Smíðaskemma árið 2010, ljósmynd

Gerð húss: Upphafleg:

Byggingarefni: Timbur, bindingar
Útveggir: Bárújárn
Þakgerð: Mænisþak
Þakklæðning: Bárújárn
Undirstaða: Hlaðin úr tilhöggnu grjóti
Útlit: Einlyft

Núverandi:

Timbur, bindingar

Skorradalur

Upphafleg notkun: Smíðakofi/geymsla
Núverandi notkun: Horfið



Hússtæðið 2011

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Saga

Lýsing húss

Smíðahúsið er gjörfallið. Móta sér fyrir grunninum og spýtnabruk og bárujárnssstafla við hlið hans vitan um að smíðahúsið var bárujárnsklætt smáhús með viðalítili grind. Við rústina má sjá leifar af allstóru verkfæri, sem að mestu leyti er gert úr tré en með ýmiss konar málmsnældum, skífum og trissuhjólum. Húsið var rifið (eða hefur fokið) eftir 2010 þegar fornleifaskráning var gerð. Af ljósmyndum að dæma var það einfalt timburhus, bárujárnsklætt með bárujárnsklæddu mænisþaki. Húsið sneri nálega norður suður, með tvöfaldar dyr til norðurs og yfir þeim líttill gluggi.

Saga húss:

Húsið var byggt 1960. Í Byggðum Borgarfjarðar frá 1989 segir: "Geymslur 41 m2." (BB II, 228).

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Lágt

Húsið horfið en rústin hefur umhverfis- og varðveislugildi sem hluti af þeirri heild sem minjar um hískan í Haga eru.

Verndarflokkar:

G

ö

R

D

Fyrsti eigandi:
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Landbúnaður
Núverandi notkun: Var lambhús en nú í eyði



Innviðir Lambhúss 2018



Lambhúsið sumarið 2018

Gerð húss: Upphafleg:

Byggingarefni: Hlaðið, torf og grjót
Útveggir: Torf
Þakgerð: Mænisþak
Þakklæðning: Bárujárn
Undirstaða:
Útlit: Einlyft

Núverandi:

Hlaðið, torf og grjót
Torf
Mænisþak
Bárujárn
Einlyft

Helstu breytingar:**Hönnuðir breytinga:****Saga****Lýsing húss:**

Lambhúsið er torfhús með stefnu norður – suður, snýr undan brekkunni. Dyr hafa verið á norðurgafli, sem hefur verið timburklæddur en gluggi á efri hluta austurgafls. Langveggir eru úr torfi og grjóti og einnig neðri hluti suðurveggjar en hleðslan hefur riðlast nokkuð. Uppsmíð hússins hefur verið óvönduð. Sperrur hvíla á langböndum ofan á torfveggjum. Á sperrum er lárétt bárujárn, kolryðgað og í tætlum. Vesturgafl er klæddur lóðréttum, mjóum panelborðum að hluta til. Efri hluti austurgafls er klæddur láréttum bárujárnsplötum. Húsið er að talsverðu leyti byggt inn í brekkuna að sunnanverðu og inn í því er moldargólf. Þakið er klætt lágréttu bárujárn. Húsið er hálfallið.

Saga húss:

EKKI ER VITAÐ HVENÆR HÚSIÐ VAR BYGGT. ÞAÐ VAR ÁÐUR SKRÁÐ MEÐ Í FORNLIFASKRÁNINGU (BO-146:014) EN EKKI ER LJÓST HVORT ÞAÐ ER NÓGU GAMALT TIL AÐ TEIJAST TIL FORNLIFEA. HÚSIÐ ER RÉTT UTAN TÚNSINS EINS OG ÞAÐ VAR SKILGREINT 1918 EN ER NÚ INNAN TÚNS.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist: Lágt Einfaldur kofi úr blönduðu efni.

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs Hluti af menningarlandslagi Fitja

Umhverfisgildi: Miðlungs Húsið hefur umhverfisgildi sem hluti af þeirri heild sem minjar um búskap í Hæða Æru

Upprunalegt gildi: Miðlungs Óvist er um byggingarsögu hússins

Tæknilegt ástand: Lágt Húsið að hruni komið

Varðveislugildi: Miðlungs Með tilvísun til listræns-, menningarsögulegs- og umhverfisgildis. Húsin

Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

G

ö

R

D

Byggingarár:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður:



Reykkofi sumarið 2018

Skorradalur

Hagi - Reykkofi

Upphafleg notkun: Landbúnaður
Núverandi notkun: var reykkofi en jörðin er nú í eyði



Reykkofinn sumarið 2018

Gerð húss: Upphafleg:

Byggingarefni: Hlaðið, torf
Útveggir: Torf
Þakgerð: Mænisþak
Þakklæðning: Torf
Undirstaða:
Útlit:

Núverandi:

Hlaðið, torf
Torf
Mænisþak
Torf
Einlyft

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Saga

Lýsing húss:

Kofinn stendur enn undir þaki en talsvert hefur greinilega hrunið saman af honum, svo mjög að ekki er hægt að opna dyrnar inn í hann. Timburgrind er í kofanum og bárujárn var í þaki að innanverðu. Kofinn er grafinn inn í brekkunna og aðeins greinilegur sem torfpúst í landinu, að mestu samfallinn. Móta sér fyrir inngangi sem skarð í torfpústina og upp úr henni stendur steypujárnsrörbútur sem verið hefur reykháfur. Líklegast hefur kofinn verið notaður allt fram á síðustu áratugi 20. aldar. Húsið er 6 x 5-6 m að stærð.

Saga húss:

Ekki er vitað hvenær húsið var byggt en þess er getið í fasteignamati 1940, þar segir: "Aðrar byggingar og mannvirki: Reykingarkofi úr torfi." Kofinn var einnig skráður í fornleifaskráningu, undir númerinu BO-147:017

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Einfaldur torfkofi með timburgrind
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Hluti af menningarlandslagi Haga
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Kofinn hefur umhverfisgildi sem hluti af þeirri heild sem minjar um búskap í Haga eru
Upprunalegt gildi:	Hátt	Kofinn hefur líklega litlum breytingum tekið frá upphafi
Tæknilegt ástand:	Lágt	Kofinn er að hruni kominn
Varðveislugildi:	Miðlungs	Með tilvísun til listræns-, menningarsögulegs- og umhverfisgildis. Kofinn
Verndarflokkar:		Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti


G

ö

R

D

Háafell



Yfirlitskort af heimatúninu í Háafelli. Á því má sjá húsin 5 sem fjallað er um í húsakönnun.

Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Staðsetning og umhverfi

Háafell er norðan við Skorradalsvatn vestan við mitt vatnið. Undirlendi er mjög lítið á þessum slóðum og er hlíðin víða brött og skógi vaxin. Fast sunnan við bæ er brött brekka sem nær allt niður að Skorradalsvatni en milli þess og bæjar er þjóðvegurinn inn Skorradal. Hann lá áður um hlaðið, en var færður 1966. Næsti bær austan við eru Fitjar en vestar Stálpastaðir.

Saga

Jarðarinnar er fyrst getið í heimildum 1599.²⁵ Skálholtsbiskupsstól var eigandi jarðarinnar 1703 en hún var sold 1787 og var í bændaeign 1847.²⁶ Hún var þá metin á 12 hdr.

Árið 1919 er húsum í heimatúninu lýst á eftirfarandi hátt:

Baðstofa úr torfi með kjallara, þili fyrir og járnþaki, alþiljuð. Byggð 1911.

Eldhús úr torfi 5x4 al., gamalt en stæðilegt.

²⁵ JS 143 4to, 218-220.

²⁶ JÁM IV, 166 og JJ, 112.



Háafell, málverk eftir Gunnlaug Stefán Gíslason.

Geymsluhús úr timbri, með járnþaki og með lofti 5x6 al - Gamalt hús.

Fjós yfir 4 gripi með grjótveggjum og járnþaki, nýlega uppsett.

Fjóshlaða 11x7 al með járnþaki settu á torfveggi.

Fjárhúshlaða 10x7 al úr sama efni. Stæðilegt.

Fjárhús gamalt yfir 40 fjár. Stæðilegt.²⁷

Árið 1929 var bæjarhúsi lýst svona: "Íbúðarhús: Baðstofa 5+ 5,75 m með kjallara grjóthlöðnum, járnþaki, byggt 1911."²⁸

Gamli bærinn á Háafelli stóð á svipuðum slóðum og bárujárnsklætt íbúðarhús úr timbri, byggt 1930, gerir nú. Háafell fór í eyði árið 1968 en jörðin er nýtt til beitar og búið í húsinu hluta úr ári.

Lýsing innviða núverandi íbúðarhúss

Gengið er inn í húsið um suðurdyr á inngönguskúr sem viðbyggður er húsinu að norðvestan. Íbúðarherbergi eru á hæðinni en gólf inngönguskúrsins er mitt á milli kjallaragólfs og timburgólfs hæðarinnar og timburstigar til beggja hæða. Eldhús er í kjallara og þar er

²⁷ FB II, 115-116

²⁸ Þí. Fr. BAc

Sólóeldavél, olíukynt, sem einnig gegnir hlutverki miðstöðvarketils. Steinsteyppt gólf er í kjallara.

Önnur hús í túni, skráð í húsakönnun

Engin hús standa nú undir þaki í túni Háafells, önnur en sjálft íbúðarhúsið. Þrjú hús voru þó skráð aukalega í húsakönnun, bílskúr og vélaskemma og fjárhús/ hlaða norðan og norðvestan við bæ sem allt er horfið. Að auki var skráð rafstöð við Eystrilæk sem einnig er horfin en ekkert umræddra mannvirka telst til fornleifa og var því ekki skráð við fornleifaskráningu.

Fornleifar í túni

Auk húsa undir þaki er margvíslegar aðrar mannvistarleifar innan túns í Háafelli og voru allar þekktar fornleifar skráðar í aðalskráningu.²⁹ Fornleifar innan túns eru:

Númer	Hlutverk
BO-139:001	Bæjarhóll (íbúðarhús á bæjarhlóli – líka skráð í húsakönnun)
BO-139:002	Lambhús
BO-139:003	Fjárhús
BO-139:004	Túngarður
BO-139:008	Brunnur
BO-139:009	Útihús
BO-139:010	Fjós
BO-139:011	Skemma
BO-139:012	Fjárhús
BO-139:013	Útihús
BO-139:014	Hesthús
BO-139:018	Kálgarður
BO-139:019	Kálgarður
BO-139:020	Traðir
BO-139:023	Brunnur

²⁹ Kristborg Þórssdóttir (ritstj.). 2017: 40-54.

G

ö

R

D

Fyrsti eigandi: Guðný Magnúsdóttir og Benoný Helgason
Hönnuður: Þorbjörn Pétursson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð / Frístundir/sumarhús



Háafell sumarið 2018



Háafell sumarið 2018

Gerð húss:**Upphafleg:****Núverandi:**

Byggingarefni: Timbur

Timbur

Útveggir: Bárújárn

Bárújárn

Þakgerð: Mænisþak

Mænisþak

Þakklæðning: Bárújárn

Bárújárn

Undirstaða: Steinsteyp

Steinsteyp

Útlit: Kjallari

Inngönguskúr (bíslag)

Einlyft

Reykjháfur

Útitröppur

Kjallari

Útskot (karnap)

Saga**Lýsing húss:**

Háafell er bárujárnsklætt timburhús með mænisþaki með norður - suðurstefnu, ein hæð á steinsteypum kjallara. Húsið stendur í halla, þvert á brekkuna og norðurendi þess nokkuð grafinn inn í hana. Steinsteypur reykjháfur er á miðjum mæni. Skúrbyggingar úr timbri með einhalla þaki eru við báðar langhlíðar. Að vestan er inngönguskúr og við suðurhlíð hans er forstofa úr steinsteypu, einnig með einhalla þaki. Útidyr eru á suðurhlíð forstofunnar og á vesturhlíð hennar er gluggi með miðjupósti. Skúrinn við austurhlíð hússins er geymsluhús með lofti. Hann nær eftir um það bil 2/3 hlutum af húslengdinni. Dyr geymsluhússins eru austurhlíðinni. Á austurhlíð íbúðarhússins, aftan við geymsluskúrinn, er einn krosspóstsgluggi, sem nær upp úr þakinu og þar er því lágor kvistur á þakinu. Húsið var mælt upp og teiknað árið 2010 á vegum Gullinsniðs ehf af Keith Daly arkitekt.

Saga húss:

Núverandi íbúðarhús stendur nálega á sama stað og eldri bær þótt hann hafi náð lengra til norðvesturs. Árið 1940 voru eftirtalin hús á jörðinni: "Íbúðarhús: Timbur, jármv, kjallari steini 1 hæð með 3 herbegjum, eldhús í kjallara stærð 7,5x4,4x4 m. Kjallari miðstöð frá eldavél. (þí. Fr. BAc). Bærinn brann árið 1964 og skemmdist talsvert af sóti og í björgunaraðgerðunum. Í Byggðum Borgarfjarðar kemur fram að jörðin fór í eyði 1968 en var nýtt til beitar og heyskap (BB II, 229). Eigendur eru afkomendur síðustu ábúenda. Húsið er í mjög góðu ásigkomulagi. Því er vel við haldið, gluggar allir nýlegir með tvöföldu gleri, bárújárn vel málað og húsið allt hið snotraста.

Önnur hús í heimatúninu:

Engin hús standa lengur undir þaki á jörðinni ef frá er talið sjálft íbúðarhúsið. Í húskráningu voru hins vegar skráð fjárhús, bílskúr og vélaskemma og rafstöð sem allt eru byggingar sem eru horfnar en of ungar til að þær væru skráðar með í fornleifaskráningu. Fjölmargir eldri staðir voru í túni sem skráðir voru í fornleifaskráningu (BO-139:001-004, 008-14, 018-020, 023).

Varðveislumat:**Listrænt gildi / Byggingarlist:**

Hátt

Sérstök húsagerð, áberandi á svæðinu, líklega sprottin af hitunartækni þar sem eldavél og miðstöðvarkettill eru sameinuð.

Menningarsögulegt gildi:

Hátt

Sérstök húsagerð, áberandi á svæðinu, líklega sprottin af hitunartækni þar sem eldavél og miðstöðvarkettill eru sameinuð.

Umhverfisgildi:

Hátt

Mikilvægasta mannvirkið í heimatúninu, mikilvægt í menningarlandsLAGINU

Upprunalegt gildi:

Hátt

Húsið hefur tekið litlum breytingum

Tæknilegt ástand:

Hátt

Húsinu er mjög vel við haldið

Varðveislugildi:

Hátt

Með tilvísun til listræns-, menningarsögulegs- og umhverfisgildis.

Verndarflokkar:

Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

G

ö

R

D

Fyrsti eigandi: Björn Þorsteinsson og Guðrún Hannesdóttir
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Bílskúr
Núverandi notkun: Horfið



Svæðið þar sem bílskúrinn stóð áður. Mynd tekin

Gerð húss: Upphafleg:

Byggingarefni: Hlaðið, torf og grjót

Útveggir:

Þakgerð: Flatt þak

Þakklæðning:

Undirstaða:

Útlit:

Núverandi:

Hlaðið, torf og grjót

Helstu breytingar:**Hönnuðir breytinga:****Saga****Lýsing húss:**

Bílskúrinn var úr blönduðu efni en bárujárnsklæddur að mestu með timburgrind og var byggður yfir Willy's jeepa sem Björn Þorsteinsson, ábúandi, eignaðist fyrir tilstilli Marshall-aðstoðarinnar. Bílskúrinn var með flötu þaki. Bílskúrinn var fast ofan við þáverandi veg (fornleif nr. BO-139:020) og á sömu slóðum var hænsnakofi samkvæmt Ingibjörgu Björnsdóttur heimildamanni.

Saga húss:

Bílskúrinn var byggður árið 1947 og hann var líklega rifinn í kringum 1960.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Húsið er horfið og því ekki hægt að meta gildi þess.

Verndarflokkar:

G

ö

R

D

Fyrsti eigandi: Björn Þorsteinsson og Guðrún Hannesdóttir
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Landbúnaður
Núverandi notkun:



Fjárhúsin rétt fyrir 1990 (BB II, bls. 229)

Gerð húss:

Byggingarefn: Steinsteyp
Útveggir: Bárujárn
Þakgerð: Mænisþak
Þakklæðning: Bárujárn
Undirstaða:
Útlit: Kjallari
Einlyft

Upphafleg:

Steinsteyp

Núverandi:

Steinsteyp

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytingar:

Saga**Lýsing húss:**

Samkvæmt Byggingarvorttorði og virðingagjörð frá 1960 var húsið væri samstæðufjárhús og hliðarveggir úr steinsteypu. Undir húsinu var áburðarkjallari, 90 cm djúpur með rimlagólf yfir. Þar segir einnig að húsið sé sæmilega byggt (ÞÍ. BL. 2005 A/101-4). Í ódagsettu brunabótamatí segir: "Fjárhús fyrir 190 fjár (lýsing) Grjótveggir járv. stafni og þaki. (Brunabótamat, No. 6). Hlaða var sambyggð fjárhúsini og er hún líklega hluti af því sem lýst sem svo í BB: "Hlöður: 664 m2 burrey, 90 m3 vothey." Byggðir Borgarfjarðar frá 1989 (BB II, 229). Í Byggðum Borgarfjarðar frá 1989 er fjárhús skráð á lóð Háafells fyrir 360 fjár (BB II, 229); mjög sennilega er það sama fjárhúsið og hér er fjallað um og að það hafi á einhverjum tímapunkti verið stækkað. Á ljósmynd af húsinu sem birtist í BB að dæma voru stór fjárhús suðvestar og hlaða sem snéri þvert á húsin (eða norðvestur-suðaustur) aftan við og var skúrbygging við norðvesturenda hennar blásarahús. Austast var súrheysgryfja. Húsið virðist bárujárnsklætt, a.m.k. að hluta.

Saga húss:

Samkvæmt Byggingarvorttorði og virðingagjörð frá 1960 var fjárhúsið reist árið 1957 af Birni Þorsteinssyni, ábúanda á Háafelli (ÞÍ. BL. 2005 A/101-4). Húsin voru rifin að mestu 1998-99.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Húsið er horfið og því ekki hægt að meta gildi þess.

Verndarflokkar:

G

ö

R

D

Byggingarár:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður:

Skorradalur

Háafell - rafstöð

Upphafleg notkun: Rafmagnsframleiðsla
Núverandi notkun:



Líkleg staðetning rafstöðvar.

Gerð húss: Upphafleg:

Byggingarefni:
Útveggir:
Þakgerð:
Þakklæðning:
Undirstaða:
Útlit:

Núverandi:

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Saga

Lýsing húss:

EKKI er neitt vitað um gerð hússins eða byggingarefni og ekki er vitað til þess að varðveisist hafi ljósmynd af því. Engar augljósar minjar sjást heldur um húsið við lækinn líklegast er að það hafi staðið þar sem svoltið hæð er við lækinn, nálægt norðausturhorni túngarðs.

Saga húss:

Á 4. áratug 20. aldar var byggð rafstöð við Eystri bæjarlækinn í Háafelli. Rafstöðina gerði Eggert Benónýson (f. 1908) útvárpsvirki. Aðeins er getið í fasteignamati 1940, þar segir: "Rafstöð 1/8 hestöfl" (þ.í. Fr. BAc). Í rafstöðinni voru m.a. hlaðnir sýrgeymar, fyrir Háafell og einnig komu bændur af nágrennabæjum til að hlaða sína geyma.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Húsið er horfið og því ekki hægt að meta gildi þess.

Verndarflokkar:

G

ö

R

D

Byggingarár: 1960

Fyrsti eigandi: Björn Þorsteinsson og Guðrún Hannesdóttir
Hönnuður:

Skorradalur

Háafell - Vélaskemma

Upphafleg notkun: Landbúnaður
Núverandi notkun:



Grunnur vélaskemmu fyrir 1990 (BB II, 229)



Svæðið þar sem vélaskemman stóð.

Gerð húss:

Byggingarefni: Steinsteyp
Útveggir: Bárujárn
Þakgerð: Mænisþak
Þakklæðning:
Undirstaða:
Útlit:

Upphafleg:

Steinsteyp

Núverandi:

Steinsteyp

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Saga

Lýsing húss:

Vélaskemma stóð á hæð fast neðan við gamla veginn (BO139:020) skv. Ingibjörgu Björnsdóttur, heimildamanni. Vélaskemman var á steypum grunni en úr timbri og bárujárn. Á henni var mænisþak en möl var í gólfí. Hún var fast austan við hesthústóft BO-139:014 sem skráð var í fornleifaskráningu fyrir jörðina. Húsið snéri norðvestur-suðaustur.

Saga húss:

Húsið var byggt um 1960 samkvæmt Ingibjörgu en var rifið árið 1974.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Húsið er horfið og því ekki hægt að meta gildi þess.

Verndarflokkar:


G

ö

R

D

Sarpur



Yfirlitskort af heimatúninu í Sarpi. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Staðsetning og umhverfi

Bærinn Sarpur er skammt austan við Skorradalsvatn, norðanmegin í dalnum, þar sem hann tekur að þrengjast. Landi hallar þar til suðurs og vesturs í átt til vatnsins. Íbúðarhúsið er á hallalitlum stalli í landinu rúnum 170 m vestan við þar sem gamli bærinn í Sarpi stóð áður. Allmörg tré standa nærri húsinu að vestan, austan og norðan. Næsti bær vestan við Sarp er Fitjar sem stendur sömu megin árinnar en hinum megin hennar, gengt Fitjum, er Bakkakot. Næsti bær að austan var Efstibær en þar eru nú engin hús uppi standandi.



Sarpur, málverk eftir Gunnlaug Stefán Gíslason.

Saga

Jarðarinnar er getið í Laxdælasögu en samkvæmt henni átti þar að vera sel frá Vatnshorni.³⁰

Sarps er svo getið sem bújarðar í skjali frá 1397 en þá er bænhús á jörðinni.³¹ Jörðin er eign Fitjakirkju 1707 og er þá metin á 16 hdr.³²

Árið 1919 er húsum í heimatúninu lýst á eftirfarandi hátt:

Baðstofa 7x5 al. Byggð 1906.

Búr 4x4 al.

Smiðja 6x al.

Eldhús 5x21/2 al.

Fjós yfir 4 gripi.

Þrjú fjárhús yfir 16 kindur

Fjárhús yfir 49 kindur - Mjög lítilfjörlegt.

Hesthús yfir 4 hross - gömul.

*Skúr með torfveggjum og járnþaki, Stæðilegur.*³³

³⁰ ÍF V, 184-190, sagan talin rituð um 1250.

³¹ DI IV, 119.

³² JAM IV, 164

Árið 1929 var íbúðarhúsi lýst svona: "Íbúðarhús: Baðstofa torfhús, 5,65+3,14. Önnur bæjarhús: Búr og stofuhús gamalt, lélegt skemma með járnþaki. Fjós fyrir 4 kýr gamalt torfhús. Hesthús fyrir 10 hesta torhús. Fjárhús fyrir 100 fjár torfhús fornt."³⁴ Jörðin fór í eyði árið 1970 og er nú ríkiseign sem Skógræktin nýtir.

Innri skipan íbúðarhúss

Gengið er í kjallarann um anddyri undir tröppum að 1. hæð. Komið er í gang með stiga að 1. hæð og undir honum er snyrtning. Á hægri hönd eru dyr að eldhúsi og þaðan gengt í stórt búr. Við enda gangsins eru dyr að geymslu. Kjallaragólfið er steinsteypt en þó er golf í ganginum klætt timbri. Steinsteypir innveggir eru í kjallara nema veggur milli eldhúss og gangs sem er úr timbri svo og þil að snyrtingu. Í miðju húsi er steinsteyptur reykháfur. Gólfhlötur kjallarans er um 29 m^2 . Gengið er inn á fyrstu hæðina í lítið anddyri þar sem er stigi til kjallarans. Þaðan er gengið í lítinn gang sem veitir aðgang að dagstofu til hægri handar og þaðan eru dyr að svefnherbergi. Beint framundan í ganginum eru dyr að öðru svefnherbergi. Golf 1. hæðar og allir innveggir eru úr timbri. Gólfhlötur fyrstu hæðar er um 26 m^2 . Hið innra er húsið í slæmu ástandi. Golf 1. hæðar er brotið og bramlað við stigann. Upphaflegri klæðningu innan á útveggjum í dagstofu hefur að hluta til verið svipt af.

Önnur hús í túni, skráð í húsakönnun

Engin hús standa nú undir þaki í túni Sarps, önnur en sjálft íbúðarhúsið.

Fornleifar í túni

Auk húsa undir þaki er margvíslegar aðrar mannvistarleifar innan túnmarka í Sarpi og voru allar þekktar fornleifar skráðar í aðalskráningu á svæðinu.³⁵ Fornleifar innan túns eru:

Númer	Hlutverk
BO-142:001	Bæjarhóll
BO-142:002	Fjós

³³ FB II, 122

³⁴ þí. Fr. BAeC

³⁵ Kristborg Þórssdóttir (ritstj.). 2017: 94-117

BO-142:003	Fjárhús
BO-142:011	Fjárhús
BO-142:021	Kálgarður
BO-142: 022	Kálgarður
BO-142:023	Útihús
BO-142:024	Leið
BO-142:025	Áveita
BO-142:029	Útihús
BO-142:030	Vatnsból
BO-142: 032	Útihús
BO-142:033	Óþekkt hlutverk
BO-142:034	Útihús
BO-142:035	Óþekkt hlutverk

G



R

D

Fyrsti eigandi: Hannes Vilhjálmsson og Ingibjörg Lárusdóttir
Hönnuður:

Upphafleg notkun: íbúð
Núverandi notkun: byggt sem íbúðarhús nú í eyði



Sarpur 1972, mynd af framdalur.is



Sarpur, sumarið 2018

Gerð húss: Upphafleg:

Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggi:	Múrsléttar	Bárujárn
Pakgerð:	Geiraris	Geiraris
Pakkklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft Kjallari	Útitröppur Kjallari Reykháfur Einlyft

Núverandi:**Helstu breytingar:****Hönnuðir breytingar:****Saga****Lýsing húss:**

Íbúðarhúsið í Sarpi er steinsteypt, ferningslaga að grunnfleti, kjallari og ein hæð með þak með geirarisi. Við vesturhlíðina er lítil steinsteypt útbygging sem myndar tröppur að aðaldyrum á fyrstu hæð og anddyri og útidyrum kjallara. Útveggi eru úr steinsteypu, bárujárnsklæddir. Möl í steypuna var tekin við ána hjá Fitjum. Pakið var einangrað með reiðingi og er bárujárnsklætt. Húsið var mælt upp árið 2010 og mæliteikning gerð af því á vegum Gullinsniðs ehf af Keith Daly arkitekt.

Saga húss:

Gamli bærinn í Sarpi var rúnum 170 m austan við það íbúðarhús sem nú stendur á jörðinni. Húsið var byggt 1938. Í viðtali Huldu Guðmundsdóttur við Ingibjörgu Björnsdóttur frá Háfelli kom fram að húsið verið unnið eftir teikningu frá Nýbýlasjóði sem þá (1938) var til og var Þorbjörn Pétursson yfirmaður. Upphaflega voru veggir einangraðir að innanverðu með torfi en síðar var einangrun sett utan á veggina og þeir klæddir með báruðum málmplöutm. Allir gluggar hússins hafa verið endurnýjaðir og þeim breytt. Þeir eru jafn stórir upphaflegum gluggum en póstaskipan er önnur. Gluggarnir eru að hluta til ófrágengnir sem bendir til að húsið hafi verið yfirgefíð áður en endurnýjun þeirra var að fullu lokið. Seinasti ábúandi átti hálfan Efstabæ og nýtti þar tún, sem og reisti fjárhús þar. Búskap lauk á jörðinni árið 1970 og í kjölfarið keypti Skógrækt ríkisins jörðina og hefur girt hana af og hafið trjáráækt (BB II, 238).

Önnur hús innan túns:

Engin hús standa undir þaki í heimatúni Sarps að fráöldu sjálfu íbúðarhúsinu. Þar voru áður fjölmörg hús sem geti er í fornleifaskráningu fyrir jörðina (sjá fornleifaskrá nr. BO-142:001-003, 011, 021-025, 029, 030, 032-035).

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist: Miðlungs Dæmigert hús eftir teikningu sem Þórir Baldvinsson gerði

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs Dæmigert hús eftir teikningu sem Þórir Baldvinsson gerði

Umhverfisgildi: Miðlungs Mikilvægasta mannvirkvið í heimatúnini, mikilvægt í menningarlandslaginu

Upprunalegt gildi: Miðlungs Meginform hússins er óbreytt

Tæknilegt ástand: Lágt Húsið hefur verið í vanhirðu áratugum saman

Varðveislugildi: Miðlungs Með tilvísun til listræns-, menningarsögulegs- og umhverfisgildis.

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

G

ö

R

D

Stálpastöðir



Yfirlitskort af heimatúninu á Stálpastöðum. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Staðsetning og umhverfi

Stálpastöðir eru norðan Skorradalsvatns, neðarlega í hlíðinni. Undirlendi er mjög lítið á þessum slóðum. Umhverfis bæinn er tún sem komið er í órækt, í halla til suðurs. Umhverfis túnið og að hluta innan þess hefur verið plantað trjám: reyniviði, öspum og greni.

Saga

Árið 1599 er fyrst minnst á jörðina Stálpastöði í heimildum svo vitað sé.³⁶ Jörðin var bændaeign 1707 og 1847 og var metin á 8 hdr. 1707.³⁷

Jörðinni tilheyrðu árið 1919 eftirtalin hús:

Baðstofa 8x51/2 al úr torfi með hálfbili og alþiljuð að innan. Byggð 1911.

Búr og eldhús 8x3 al - stæðileg.

³⁶ JS 143 4to, 218-220.

³⁷ JÁM IV, 166 og JJ, 112



Stálpastaðir, málverk eftir Gunnlaug Stefán Gíslason.

Fjós yfir 4 gripi.

Hesthús yfir 3 hross.

Fjárhús yfir 40 fjár. Öll eru þessi hús vel stæðileg torfhús
Geymsluhús með torfveggjum og járnþaki og bili járvörðu.

Fjárhús úr torfi yfir 3 kindur vel stæðilegt

Heyhlaða 10x8x4 al með járnþaki. Farin að bila.³⁸

Búskap í Háafelli var hætt 1946 og jörðin hefur verið ríkiseign í umsjá Skógræktar ríkisins (nú Skógræktarinnar) frá 1951.

Önnur hús í túni, skráð í húsakönnun

Engin hús standa nú undir þaki í túni Stálpastaða, önnur en hlaðan

³⁸ FB II 112-113

Fornleifar í túni

Númer	Hlutverk
BO-138:001	Bæjarhóll (eina húsið á jörðinni stendur á bæjarhólnum og er það skráð í húsakönnun)
BO-138:002	Útihús
BO-138:010	Túngarður
BO-138:015	Áveita
BO-138:017	Túngarður
BO-138:019	Kálgarður

Three large, light gray, semi-transparent letters are arranged vertically: 'D' at the bottom left, 'R' in the middle, and 'Ö' at the top right.

Ö

D

R

Ö

G

Fyrsti eigandi: Hannes Vilhjálmsson og Ingibjörg Lárusdóttir
Hönnuður:

Upphafleg notkun: íbúð
Núverandi notkun: byggt sem íbúðarhús nú í eyði



Sarpur 1972, mynd af framdalur.is



Sarpur, sumarið 2018

Gerð húss: Upphafleg:

Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útvegir:	Múrsléttar	Bárujárn
Pakgerð:	Geiraris	Geiraris
Pakkklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft Kjallari	Útitröppur Kjallari Reykháfur Einlyft

Núverandi:**Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:****Saga****Lýsing húss:**

Íbúðarhúsið í Sarpi er steinsteypt, ferningslaga að grunnfleti, kjallari og ein hæð með þak með geirarisi. Við vesturhlíðina er lítil steinsteypt útbygging sem myndar tröppur að aðaldyrum á fyrstu hæð og anddyri og útidyrum kjallara. Útvegir eru úr steinsteypu, bárujárnsklæddir. Möl í steypuna var tekin við ána hjá Fitjum. Pakið var einangrað með reiðingi og er bárujárnsklætt. Húsið var mælt upp árið 2010 og mæliteikning gerð af því á vegum Gullinsniðs ehf af Keith Daly arkitekt.

Saga húss:

Gamli bærinn í Sarpi var rúnum 170 m austan við það íbúðarhús sem nú stendur á jörðinni. Húsið var byggt 1938. Í viðtali Huldu Guðmundsdóttur við Ingibjörgu Björnsdóttur frá Háfelli kom fram að húsið verið unnið eftir teikningu frá Nýbýlasjóði sem þá (1938) var til og var Þorbjörn Pétursson yfirmaður. Upphaflega voru veggir einangraðir að innanverðu með torfi en síðar var einangrun sett utan á veggina og þeir klæddir með báruðum málmplöutm. Allir gluggar hússins hafa verið endurnýjaðir og þeim breytt. Þeir eru jafn stórir upphaflegum gluggum en póstaskipan er önnur. Gluggarnir eru að hluta til ófrágengnir sem bendir til að húsið hafi verið yfirgefíð áður en endurnýjun þeirra var að fullu lokið. Seinasti ábúandi átti hálfan Efstabæ og nýtti þar tún, sem og reisti fjárhús þar. Búskap lauk á jörðinni árið 1970 og í kjölfarið keypti Skógrækt ríkisins jörðina og hefur girt hana af og hafið trjáráækt (BB II, 238).

Önnur hús innan túns:

Engin hús standa undir þaki í heimatúni Sarps að fráöldu sjálfu íbúðarhúsinu. Þar voru áður fjölmörg hús sem geti er í fornleifaskráningu fyrir jörðina (sjá fornleifaskrá nr. BO-142:001-003, 011, 021-025, 029, 030, 032-035).

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist: Miðlungs Dæmigert hús eftir teikningu sem Þórir Baldvinsson gerði

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs Dæmigert hús eftir teikningu sem Þórir Baldvinsson gerði

Umhverfisgildi: Miðlungs Mikilvægasta mannvirkvið í heimatúnini, mikilvægt í menningarlandslaginu

Upprunalegt gildi: Miðlungs Meginform hússins er óbreytt

Tæknilegt ástand: Lágt Húsið hefur verið í vanhirðu áratugum saman

Varðveislugildi: Miðlungs Með tilvísun til listræns-, menningarsögulegs- og umhverfisgildis.

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti


G

ö

R

D

Vatnshorn



Yfirlitskort af heimatúninu í Vatnshorni. Á því má sjá húsin þrjú sem fjallað er um í húsakönnun.
Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Staðsetning og umhverfi

Vatnshorn er sunnan við Fitjaá skammt suðaustan við Skorradalsvatn. Ofan við túnið er brött hlíð en talsverður skógur er bæði utan og innan við túnin. Umhverfis eru grösug tún í örækt sem hallar til norðurs, að Fitjaá. Undirlendi á þessum slóðum er takmarkað en þó eru grundir og eyrar með ánni og vatninu austan bæjar. Næsti bær vestan við Vatnshorn er Hagi en austan við er Bakkakot.

Saga

Jarðarinnar er getið í Laxdælu og fleiri fornritum og er án efa ein fyrsta jörðin í framdalnum til að komast í byggð.³⁹ Jörðin var í bændaeigu 1707 og 1847 og metin á 20 hdr. 1707.⁴⁰ Samkvæmt Laxdælu átti jörðin selstöðu í Sarpi og bendir það til þess að allur dalbotninn hafi

³⁹ ÍF V

⁴⁰ JÁM IV, 162 og JJ, 112



Vatnshorn, málverk eftir Gunnlaug Stefán Gíslason.

áður tilheyrt Vatnshorni. Á síðari öldum áttu fjölmargar jarðir í og utan Skorradals ítök í Vatnshornsskógi.

Jörðinni tilheyrðu árið 1919 eftirtalin torfhús:

Baðstofa með kjallara 10x51/2 al úr torfi með hálfbili og alþiljuð innan. Byggð 1896. Vel stæðileg.

Frammihús, alþiljað með þili járvörðu og með járnþaki. Byggt 1896. Vel stæðilegt.

Eldhús 5x3 al.

Fjós yfir 7 gripi; úr torfi með járnþaki. Byggt 1905.

Brunnhús er áfast við fjósið með járni undir torfþaki. 3x3 al.

Geymsluhús 6x5 al með torfi; og skúr sem er 5x3 al úr timbri með járnþaki. Byggt 1893.

Fjóshlaða 18x8x51/2 al með torfveggjum og járnþaki.

Fjárhúshlaða 24x7 al með hliðhlöðunnar er skýrmynduð fjárhús yfir 200 fjár eru að nokkru notuð fyrir hesta. Byggð 1908.⁴¹

⁴¹ FB II, 131

Árið 1929 var bænum lýst á eftirfarandi hátt: "Baðstofa með hlöðnum kjallara 6,28+8,14 byggð 1894. Önnur bæjarhús: frammihús með járnþaki - Eldhús gamalt. Skemma með timburgaflí. Fjós fyrir 7 kýr gamalt torfhús með járnþaki. Hesthús fyrir 5 hesta Torfhús. Fjárhús fyrir 200 fjár torfhús járnþaki. Hlöður 372 m³ grjótveggir að hluta [með] járnþaki. Aðrar byggingar eða mannvirki: Vatnsleiðsla"⁴²

Vatnshorn fór í eyði 1961 en var notað frá Háafelli fyrir vetrarhýsingum fjár og sem sumarbeitiland fram til 1968 og frá Innri-Skeljabrekku í Andakílshreppi sem sumarbeitiland fram yfir 2000. Nú er unnið að endurbótum á húsinu.

Innri skipan íbúðarhúss

Í kjallara hússins voru geymslur, bað og þvottahús með suðukatli. Íbúðin var á aðalhæðinni og þar var eldhúsið með eldavél, sem einnig var notuð sem miðstöðvarketill, stofur og gangur. Risið var óinnréttar og ekki einangrað en þar sofið. Í viðtali Huldu Guðmundsdóttur við Sigríði Höskuldsdóttur kom fram að litað gler var í rúðunum í útidyrahurðinni, tvær voru gular, tvær grænar og tvær rauðar.

Önnur hús í túni, skráð í húsakönnun

Pakkhús og fjárhús/hlaða standa enn undir þaki í heimatúninu og voru skráð í húsakönnun.

Fornleifar í túni

Auk húsa undir þaki er margvíslegar aðrar mannvistarleifar innan túns í Vatnshorni og voru allar þekktar fornleifar skráðar í aðalskráningu.⁴³ Fornleifar innan túns eru:

Númer	Hlutverk
BO-144:001	Bæjarhóll (íbúðarhús sem skráð var í húsakönnun við bæjarhól)
BO-144:002	Fjárhús
BO-144:005	Hesthús
BO-144:006	Lambhús
BO-144:007	Útihús

⁴² Þí. Fr. BAc

⁴³ Kristborg Þórssdóttir (ritstj.). 2017: 150-182

BO-144:008	Smiðja
BO-144:017	Kálgarður
BO-144:018	Leið
BO-144:019	Kálgarður
BO-144:020	Kartöflugarður
BO-144:023	Hesthús
BO-144:024	Túngarður
BO-144:026	Brunnur
BO-144:034	Hjallur (Pakkhús, einnig skráð í húsakönnun)
BO-144:035	Legstaður
BO-144:036	Rétt
BO-144:037	Hesthús
BO-144:038	Útihús
BO-144:039	Hrútakofi
BO-144:040	Kálgarður
BO-144:041	Útihús
BO-144:042	Fjárhús (undir þaki – einnig skráð í húsakönnun)
BO-144:043	Útihús
BO-144:044	Garðlag
BO-144:046	Nátthagi
BO-144:048	Mógrafir

Fyrsti eigandi: Höskuldur Einarsson og Solveig
Hönnuður: Brynjólfur Guðmundsson frá Miðdal í Kjós



Vatnshorn, af vef Framdalafélagsins

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Húsið var íbúðarhús en framtíðarnýting



Vatnshorn sumarið 2018

Gerð húss:

Byggingarefni: Steinsteyp
Útveggir: Múrsléttar
Þakgerð: Mænisþak
Þakklæðning: Bárujárn
Undirstaða: Steinsteyp
Útlit: Einlyft
Kjallari
Ris

Saga**Lýsing húss**

Vatnshornshúsið er steinsteyp, kjallari, hæð og ris með mænisþaki. Steyptir gaflar ná lítið eitt upp fyrir þakflötinn. Steyptur reykháfur er upp úr þaki. Útidyr eru á vesturgafli og framan við þær steinsteyptar tröppur og pallur. Gengið er í kjallaraum um dyr norðan á tröppupalli en norður-austur- og vesturhlíðar hans eru niðurgrafnar að hluta en suðurhlíð að fullu. Húsið var mælt upp árið 2010 á vegum Gullinsniðs ehf. af Keith Daly arkitekt og gerðar af því teikningar.

Saga húss:

Gamli bærinn stóð fast ofan við íbúðarhúsið sem var byggt 1937 í kálgarði fram af honum. Árið 1940 voru eftirtalin hús á jörðinni: "Íbúðarhús: Steinveggir, kjallari og ein hæð, ris. Stærð 8,3x7,6 m. Byggt 1937. Í kjallara 5 geymslur. Á hæðinni voru stofur, eldhús og gangur. Ris var notað til geymslu (Miðstöð frá eldavél, vatnsleiðsla, skópleiðsla). (þÍ. Fr. BAc). Árið 2013 hófust endurbætur á Vatnshornshúsinu að frumkvæði eigenda Fítja sem hefur verið haldið áfram af Ríkiseignum. Gluggar hafa allir verið endurnýjaðir með gamaldags sniði með strikuðum póstum og römmum. Yfirborð steypuveggjanna hefur verið endurbætt og beir sementskústaðir. Bárujárn á þaki hefur verið endurnýjað og nýr bakgluggi settur að sunnanverðu. Ýmsum frágangi glugganna er enn ólokið bæði að utan og innan. Frágangur og viðgerðir innan dýra eru ekki hafnar. Jörðin lagðist í eyði árið 1961, og upp frá því hefur húsið verið nýtt sem sumarbústaður (BB II, 242). Því til viðbótar var jörðin nýtt fyrir vetrarhýsingu fjár frá Háafelli fram til 1968 og sem sumarbeitioland frá Innri-Skeljabrekku í Andakílshreppi fram yfir 2000 (Kristborg Þórssdóttir 2017, 150). Húsið að hálfu í eigu Skógræktarinnar og að hálfu Skorradalshrepps

Önnur hús í heimatúnini:

Pakkhus b. á seinni hluta 19 aldar, fjárhús og hlaða b. 1955 og fjölmargar minjar sem skráðar voru í fornleifaskráningu á jörðinni (sjá nr. BO -144:001-002, 005-008, 017-020, 023-024, 026, 034-044 og 046).

Núverandi:

Steinsteyp
Múrsléttar
Mænisþak
Bárujárn
Ris
Kjallari
Útitröppur
Reykjháfur
Einlyft

Helstu breytingar:

1970 Einangrunarplast sett í loftið
2012 Ræst fram frá íbúðarhúsinu.
2016 Meiriháttar viðgerðir á húsinu utanverðu hefjast

Hönnuðir breytinga:**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Byggingarlist: Hátt Dæmigert fyrir ákveðna húsagerð frá Teiknistofu landbúnaðarins

Menningarsögulegt gildi: Hátt Dæmigert fyrir ákveðna húsagerð frá Teiknistofu landbúnaðarins

Umhverfisgildi: Hátt Mikilvægasta mannvirkið í heimatúnini, mikilvægt í menningarlandslaginu

Upprunalegt gildi: Hátt Húsið hefur ekki tekið mikilum breytingum

Tæknilegt ástand: Lágt En unnið er að endurbótum

Varðveislugildi: Hátt Með tilvísun til listræns-, menningarsögulegs- og umhverfisgildis.

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

G

ö

R

D

Byggingarár: 1955

Fyrsti eigandi: Höskuldur Einarsson og Solveig Hönnuður:



Fjárhús og hlaða sumarið 2018

Gerð húss: Upphafleg:

Byggingarefni: Hlaðið, torf og grjót
Útveggir: Bárujárn
Þakgerð: Mænisþak
Þakklæðning: Bárujárn
Undirstaða:
Útlit: Einlyft

Núverandi:

Hlaðið, torf og grjót
Bárujárn
Mænisþak
Bárujárn
Einlyft

Skorradalur

Vatnshorn - Fjárhús/Hlaða

Upphafleg notkun: Landbúnaður
Núverandi notkun: voru fjárhús og hlaða en jörð nú í eyði



"Nýjuhús" sumarið 2018

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytingar:

Saga

Lýsing húss:

Fjárhús og hlaða úr blönduðu efni. Bæði eru húsin með veigalítilli timburgrind, klædd ryðguðu bárujárn á veggi og þök. Fjárhúsið snýr framstafni undan brekkunni til norðurs en hlaðan er bakatil með stefnu austur – vestur og er að miklu leyti grafin inn í brekkuna. Hlöðuopið snýr til vesturs. Húsin standa á grjóthlöðnum veggum sem eru huldir jarðvegi og torfi að utan. Grjóthleðslur eru að hluta til hrundar en að nokkru leyti í góðu lagi. Á timburpílinu eru tvær dyr og 5 gluggar. Í fjárhúsunum eru tveir garðar. Greinilegt er að þil hefur skipt því upp í miðju en timburpílið hefur verið rifið. Garðar eru að talsverðu leyti á kafi í foki og uppsöfnun en þó má sjá að þeir hafa verið hlaðnir úr grjóti í grunninn. Hlaðan er stúkuð af með timburpíli. Hún er að mestu grjóthlaðin. Húsin eru í mjög slæmu ástandi og eiga skammt eftir ólifað.

Saga húss:

Húsið var smíðað 1955 (þjóðskrá Íslands, 2018) og í Byggðum Borgarfjarðar frá 1989 segir að fjárhúsið sé fyrir 100 fjár og hlaðan sem var við það var "180 m3." 1989 (BB II, 242). Þessi hús voru samkvæmt Sigríði Höskuldsdóttur í notkun fram að búskaparlókum 1960-61. Eftir það notaði Björn bóndi í Háafelli húsin fram til 1968. Húsið var áður skráð í fornleifaskráningu undir númerinu BO-144:042.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist: Miðlungs Húsið er að mörgu leyti dæmigerð fjárhúsbygging úr blönduðu efni þótt það sé í stærra lagi

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs Hluti af menningarlandslagi Vatnshorns

Umhverfisgildi: Miðlungs Hluti af menningarlandslagi Vatnshorns

Upprunalegt gildi: Hátt Húsið hefur tekið litlum breytingum

Tæknilegt ástand: Lágt Húsið að hruni komið

Varðveislugildi: Miðlungs Með tilvísun til listræns-, menningarsögulegs- og umhverfisgildis. Húsin hafa

Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

G

ö

R

D

Byggingarár:

Fyrsti eigandi: Björn Bjarnarson
Hönnuður: Björn Bjarnarson

Skorradalur

Vatnshorn - Pakkhús



Pakkhusið á Vatnshorni, mynd frá Huldu

Gerð húss: Upphafleg:

Byggingarefni: Timbur
Útveggir:
Þakgerð:
Þakklæðning:
Undirstaða:
Útlit:

Viðbygging
Kjallari

Núverandi:

Timbur
Timbur
Mænisþak
Bárujárn
Hlaðin úr hraungrýti/grjóti
Einlyft
Ris
Kjallari

Upphafleg notkun: Geymsla
Núverandi notkun: Hjallur



Pakkhusið sumarið 2018

Helstu breytingar:

2011 Niðurrif gamla pakkhusins samþykkt og húsið endurbyggt á sama stað

Hönnuðir breytinga:

Saga

Lýsing húss:

Pakkhusið er timburhús og grjóthlöðnum undirstöðum með mænisþaki sem snýr í austur – vestur. Veggir eru klæddir skarsúð nema austurgafi sem er með listasúð. Dyr eru á vesturgafi og fjögurra rúðna gluggi með miðjupósti á austurgafi. Húsið er með timburgólf en óþiljað að innan. Í því er loft á bitum og lítt gluggi á vesturstafni. Um 2010 var húsið gert upp að frumkvæði eigenda Fitja og með fjárstyrk frá Noregi. Húsið er í mjög góðu ásigkomulagi. Húsið var mælt upp árið 2010 á vegum Gullinsniðs ehf. af Keith Daly arkitekt og gerðar af því teikningar.

Saga húss:

Húsið er norskt timbareiningahús og er elsta húsið í Skorradalshreppi, byggt á síðari hluta 19. aldar. Í Endurminningum Björns Bjarnarsonar (1856-1951) segir: "Hjallurinn var lélegur kofi fyrst, en eftir nokkur ár var hann hresstur við og gerður að mestu af timbri með lofti í, voru hlerar settir fyrir rindana í göflunum er hríðarvon var. Á loftinu var geymsla góð." (Endurminningar Björns Bjarnarsonar handrit í vörslu Sigurðar Sigurðssonar). Talið er að Bjarni, sem fór til náms til Stend í Hordalandi, Noregi um 1880 hafi flutt heim með sér norskt tilśniðið timbur til pakkhusssmiðinnar en samkvæmt því væri húsið líklega reist á níunda ára tug 19. aldar. Í Sviþingi, æviminningum Sveinn Skorra Höskuldssonar segir að undir vesturstafni íbúðarhúss var viðbyggður hjalli með skúrbaki. Innangengt var í pakkhusið um vesturgafflinn, en á norðurhlíð á hjallanum. Grjóthlaðinn, og gluggalaus, kjallari var undir Pakkhúsini, notaður sem kartöflugeymsla. (Sviþing, bls. 180). Pakkhúsíð var endurbyggt 2011-2012 í samvinnu við Húsafríðunarnefnd. Notaðir voru við gamla hússins eins og hægt var en viðað upp með greni úr Stálþastaðaskógi sem unnið var af Stefáni Ólafssyni yfirsmið en Unnsteinn Elíasson hleðslumeistari frá Ferjubakka sá um veghleðslu undir húsið. Húsið var áður skráð í fornleifaskráningu undir númerinu BO-144:034.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:

Miðlungs Afar einfalt og án sýnilegs listræns metnaðar

Menningarsögulegt gildi:

Hátt Fá dæmi eru til um sérstök smíðahús úr timbri við torfbæi frá þessu tímabili

Umhverfisgildi:

Hátt Húsið hefur talsverðt gildi sem hluti af menningarlandslagi Vatnshorns

Upprunalegt gildi:

Hátt Húsið var endurgert með upprunalega gerð að fyrirmynnd

Tæknilegt ástand:

Hátt Húsið er nýuppgert

Varðveislugildi:

Hátt Með tilvísun til listræns-, menningarsögulegs- og umhverfisgildis.

Verndarflokkar:

Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Friðuð hús - fjólublár litur á korti

G

ö

R

D

Samantekt

Ágrip af sögu byggðar⁴⁴

Mestur hluti Skorradals hefur án efa verið skógi vaxinn við landnám og héldust allmiklir skógar á svæðinu lengi. Lítið undirlendi er meðfram Skorradalsvatni og má ætla að menn hafi fyrst sest að þar sem undirlendi var og ekki farið að ryðja skóg meðfram vatninu fyrr en seinna. Þær vísbendingar sem eru fyrir hendi gefa sterklega til kynna að byggð í framdal Skorradals hafi fyrst hafist við austurenda Skorradalsvatns þar sem er undirlendi og engjar en aðrir hlutar framdalsins hafi byggst seinna og byggð haldist nokkuð stöðug. Líklegt er að dalurinn hafi verið fullnuminn þegar á 10. öld (fyrir utan Svanga). Landslag á svæðinu hefur ráðið miklu um það að jarðirnar í Skorradal eru flestar litlar eða meðalstórar. Byggðin í framdalnum hefur verið nokkuð stöðug í gegnum aldirnar og lítið um hjáleigubyggð en helst hefur hún verið þar sem eitthvert undirlendi er, líkt og á Fitjum og í Vatnshorni.

Það eina sem sagt er í Landnámu um landnám í Skorradal er að Skorri leysingi Ketils gufu (réttara líklega Gufu Ketilssonar)⁴⁵ hafi numið dalinn fyrir *ofan vatn* og verið dreppinn þar.⁴⁶ Ekki er þess getið hvað bær Skorra hét en hann hefur að öllum líkindum verið á sömu slóðum og Vatnshorn eða Fitjar. Vatnshorns er getið í Laxdælu⁴⁷ en ekki er þar minnst einu orði á Fitjar. Mögulega gefur það til kynna að mikilvægi Vatnshorns hafi verið meira en Fitja á ritunartíma Laxdælu um miðja 13. öld. Ekki eru heimildir um að í Vatnshorni hafi verið kirkja. Þar hafa hins vegar komið upp mannabein við Smiðjuhól skammt frá bænum og bendir það til að þar hafi staðið bænhús eða kirkja. Sögn er um að Skorri landnámsmaður sé heygður í landi jarðarinnar. Einnig er heimild um sverðsfund í landi Vatnshorns⁴⁸ sem gæti verið vísbending um kuml. Kirkja hefur verið um aldir á Fitjum og er það sterk vísbending um að byggð hafi snemma hafist á jörðinni. Ofangreindar heimildir benda til þess elsta byggð í framdal Skorradals sé í Vatnshorni og/eða Fitjum. Landshættir á þessum jörðum, landgæði og dýrleiki styðja það einnig.

Sjá má fyrir sér að þróunin hafi verið sú að fyrst hafi verið sett niður bú í Vatnshorni og því landnámi hafi tilheyrt það svæði sem Fitjar, Sarpur, Efstibær, Bakkakot (og Grafardalur) byggðust úr. Það kann að hafa verið enn stærra og náð lengra til vesturs. Á eftir

⁴⁴ Hluti samantektar byggir á fyrri úttektum Fornleifastofnunar um sama svæði, sjá Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2012 og Kristborg Þórssdóttir. 2017.

⁴⁵ Sbr. Jón Jóhannesson. Gerðir Landnámabókar, 82-84.

⁴⁶ ÍF I, 71.

⁴⁷ ÍF V, 184.

⁴⁸ Sigurður Vigfússon, 1887, bls. 22 (nmgr. 1).

Vatnshorni byggðist býli á Fitjum og þar var snemma komin kirkja. Sel frá Vatnshorni var í Sarpi sem síðar varð sjálfstætt býli og þar var komið bænhús ekki seinna en 1397.⁴⁹ Í Grafardal var sel frá Vatnshorni og má geta sér til um að það hafi verið tekið í gagnið eftir að Sarpur var orðið sjálfstætt býli, mögulega á 14. öld en gæti hafa verið fyrr. Í málðaga kirkjunnar á Fitjum frá 1358 kemur fram að sjö bær greiði tíund og lýsistoll til kirkjunnar.⁵⁰ Í svokallaðri Garðabók kemur fram að þeir bær sem tilheyra Fitjakirkjusókn 1599 séu Efstibær, Sarpur, Vatnshorn, Háafell, Stálpastaðir, Digranes (Dagverðarnes) og Hvammur.⁵¹ Mögulega var Svangi inni í tölunni í eldri heimildinni en Efstibær ekki kominn í byggð þá (elsta heimildin um byggð í Efstabæ er frá 1599). Heimild er um að Svangakot hafi tilheyrt Leirárkirkju í skjali frá 1482.⁵² Bakkakot byggist ekki fyrr en á seinni hluta 17. aldar.

Lítil hjáleigubyggð var í framdal Skorradals en heimildir eru um þrjú býli sem byggjast upp á 17. öld og leggjast fljótlega aftur í eyði (Fitjakot í landi Fitja, Ásaþús í landi Vatnshorns og Eystri-Svangi í landi Svanga) og svipaða sögu er að segja um annað býli, Narfakot sem byggist upp í landi Fitja um miðja 19. öld.

Byggð hélst stöðug í framdalnum fram yfir miðja 20. öld en þá fór að halla verulega hratt undan fæti. Fyrst lögbýlanna á svæðinu til að fara í eyði voru Stálpastaðir og Efstibær sem fóru í eyði 1946 og 1947. Mikil holskefla varð svo í eyðingu byggðar á 7. áratug 20. aldar en þá fóru fjórar af jörðunum átta í framdalnum í eyði á einungis einum áratug: Vatnshorn (1961), Bakkakot (1964), Háafell (1968) og Sarpur (1970). Síðasti bærinn til að fara úr byggð á svæðinu var svo Hagi en hann fór í eyði 1996. Enn er búið á einni jörð í framdalnum, á Fitjum, þótt ekki sé stundaður þar hefðbundinn búskapur heldur er jörðin skógræktarjörð. Á Háafelli er reyndar búið hluta úr ári og hefur því húsi verið halddið mjög vel við í gegnum árin, ólíkt öðrum húsum á svæðinu sem hafa fengið lítið viðhald eftir að búseta lagðist af á þeim. Þessi misserin er þó unnið að gagngerum endurbótum á Vatnshorni og horfir til verulegra bóta þar.

Svipmót byggðar og húsa

Framan af reiddu íbúar í framdal Skorradals sig á hefðbundinn búskap og sjást ummerki þess víða á svæðinu í margvíslegum minjum um búskap og sauðfjárrækt (s.s. bæjarhólar, útihús,

⁴⁹ DI IV, 119.

⁵⁰ DI III, 124.

⁵¹ JS 143 4to, 218-220.

⁵² DI X, 33

túngarðar, kálgarðar, réttir, kvíar, stekki og sel) sem og þeim húsum sem eftir standa á svæðinu. Undirlendi í framdalnum er víða takmarkað en á móti kemur að aðgengi að skóglendi var gott fram eftir öldum, mótekja víða ágæt og að auki var hægt að stunda fiskveiðar til að draga björg í bú. Frá því að byggð tók að hopa í framdalnum hafa orðið gagngerar breytingar á búskaparháttum, gróðurfari, eignarhaldi og mannlífi á svæðinu. Jarðirnar sem áður voru flestar í einkaeigu hafa að talsverðu leyti komist í eigu ríkisins og frá upphafi hefur umsjón með flestum eyðijarðanna verið í höndum Skógræktar ríkisins. Því hefur mikil skógrækt verið stunduð á svæðinu, allt frá því um miðja 20. öld.

Áberandi kennileiti á byggðinni í Skorradal í dag er sú gríðarlega sumarbústaðabyggð sem þar hefur risið á undanförnum áratugum, á fjölmörgum svæðum. Þar sem verndarsvæðið nær aðeins til heimatúnanna í framdalnum er sumarbústaðabyggðin utan þess svæðis sem er til úttektar í skýrslu þessari en þó er rétt að benda á að hún er mórandi afl á svæðinu í dag og hefur afgerandi áhrif á ásýnd og gróðurfar, svo ekki sé talað um menningarlandslag og mannlíf. Annar áhrifamikill þáttur í móturn menningarlandslags í framdal Skorradals á undanförnum áratugum er skógræktin sem áður var minnst á. Þótt áhrifa hennar gæti víða í gömlu heimatúnunum hefur í flestum tilfellum verið reynt að hlífa þeim við stórfelldri skógrækt, enda ljóst að velferð mikilla menningarverðmæta eru þar í húfi. Mannvistarleifar eru hvergi eins þéttar eins og í heimatúnum gamalla jarða og því farsælast að stunda ekki skógrækt á slíkum svæðum. Að samanlöögðu má því segja að ásýnd framdalsins í heild móttist í dag talsvert af þáttum sem setja sterkan svip á úthaga gömlu jarðanna en hafa minni áhrif haft á þeim svæðum sem eru til úttektar í verndarsvæðisúttekt, þ.e.a.s. í sjálfum heimatúnunum.

Heimatúnin sem mynda verndarsvæðið í framdalnum eru misjöfn að stærð og gerð. Þegar túnakort voru gerð fyrir jarðirnar átta árið 1918 var túnið í Haga minnst eða tæplega 17.500 m² en flest tún á svæðinu á bilinu 20.000-40.000 m² (í Bakkakoti, Háafelli, Stálpastöðum og Sarpi). Stærstu túnin voru svo á Fitjum (63.200 m²), í Vatnshorni (um 74.500 m²) og Efstabæ en á síðastnefnda bænum var stærsta túnið á framdalnum á þessum tíma (76.000 m²).⁵³ Túnstærðin endurspeglar að nokkru stærð og landgæði jarðanna þótt óhætt sé að segja að í Efstabæ hafi túnstærðin nokkuð farið fram úr því sem vænta mætti út frá landgæðum jarðar á fyrri öldum. Efstabær virðist hins vegar hafa verið á miklu blómaskeiði á fyrstu áratugum 20.

⁵³ Byggt á stærðum af túnakortum frá 1918.

aldar og var jörðinni lýst svo um 1930 að „...hún [teljist] með betri bújörðum í Borgarfjarðarhéraði. Þá voru hvorki aðrar jarðir betur hýstar né fleiri hús undir járnþaki í héraðinu, en í Efstabæ“⁵⁴

Af fasteignamati sem gert var fyrir allar jarðir í framdalnum 1919 má sjá að þá hefur staðið tölverður fjöldi húsa í öllum heimatúnunum átta. Þau mannvirkir teljast öll til fornleifa og er að finna nánari umfjöllun um þau flest í aðalskráningarskýrslu um framdalinn.⁵⁵ Flest voru húsin úr torfi og grjóti eða blönduðu efni. Á næstu áratugum átti þeim eftir að fækka talsvert eins og algengt var í sveitum landsins og færri og stærri ný hús komu í stað fjölmargra minni kofa. Á síðari hluta 20. aldar, þegar framdalurinn fór í eyði, fækkaði húsunum enn, þar sem viður úr eldri húsum var stundum endurnýttur þegar flutt var, hús hrundu eða fuku eða hús voru einfaldlega tekin niður þar sem þau voru orðin hættuleg mönnum og skepnum. Þegar húsakönnun var gerð á svæðinu 2018 stóðu 19 hús í heimatúnunum átta í framdalnum. Samtals voru hins vegar skráð 28 hús, þar sem níu hús sem reyndust horfin voru skráð. Átta af þeim húsum sem skráð voru eru átta íbúðarhús.⁵⁶ Önnur hús voru flest ýmiskonar úтиhús og geymslur en einnig var skráð pakkhus og kirkja sem eiga það sameiginlegt að vera elstu hús svæðisins, kirkjan byggð 1897 en pakkhusið líklega einhverju fyrr. Fitjakirkja er friðlýst og er eina húsið á svæðinu sem telst í þeim flokki friðunnar og pakkhusið í Vatnshorni er friðað sökum aldurs. Íbúðarhúsin í Efstabæ og á Stálpastöðum sem bæði hafa vikið voru eldri en þau hús sem enn standa á svæðinu. Íbúðarhúsið í Efstabæ var byggt 1902 og íbúðarhúsið á Stálpastöðum 1911. Fyrnefnda húsið var líklega rifið fljótlega eftir að bærinn leggst í eyði eða um miðbik 20. aldar en íbúðarhúsið á Stálpastöðum stóð fram á 7. áratuginn. Af ljósmyndum sem til eru af húsunum má sjá að þau hafa verið af einfaldri gerð timburhúsa, þar sem hleðsluhefðin var notuð samhliða timbri. Á Efstabæ var kjallari undir húsinu alveg grjóthlaðinn (steinlímdur), en á Stálpastöðum var vesturveggur íbúðarhússins hlaðinn úr torfi og grjóti.

Elsta íbúðarhúsið sem enn stendur í framdalnum er íbúðarhúsið í Haga sem byggt var 1928, en húsin í Háafelli og Bakkakoti eru aðeins 2-3 árum yngri (Háafell byggð 1930 og Bakkakot 1931). Bakkakot er steinsteypt en hin húsin tvö eru timburhús, en öll eru þau þó svipuð að gerð. Öll eru húsin fremur löng og mjó með mænisþaki og snúa gafli fram á hlað.

⁵⁴ Af heimasíðu Framdalsfélagsins

⁵⁵ Kristborg Þórssdóttir (ritstj.). 2017.

⁵⁶ Þótt aðeins standi nú eftir hlaða af bæjarröðinni í Stálpastöðum og því e.t.v. hæpið að tala um íbúðarhús þar

Gengið er í húsin um skúrbyggingu við langhlið og er gólf hennar mitt á milli kjallaragólf og gólf meginhæðarinnar. Reykháfur er í miðju húsi. Eldhús er í kjallara og þar er eldavél sem jafnframt er miðstöðvarketill sem hitar ofna í öllum íveruherbergjum. Svo virðist sem hitunarbúnaðuri

nn hafi ráðið
miklu um
húsagerðina.


Háafellshúsið er
ívið breiðara en
hin húsin og þar
eru tvö herbergi
við suðurgaflinn,
en í Bakkakoti og
Haga aðeins eitt.

Gamla

íbúðarhúsið á Fitjum sem rifið var eftir að núverandi hús reis og íbúðarhúsið á Stálpastöðum virðast hafa verið áþekk húsunum í Bakkakoti, og Haga að lögun. Því er ekki úr vegi að telja þessi hús öll falla að staðbundinni byggingarhefð.

Örlítið yngri eru steinsteyptu húsin í Vatnshorni (byggt 1937), Sarpi (byggt 1938) og á Fitjum (byggt 1939). Vatnshornshúsið hefur verið byggt af meiri efnum og metnaði. Það er stærra en fyrrgreindu húsin þrjú. Þar er eldhúsið á aðalhæðinni en í kjallara var annar ketill til hitunar. Íbúðarhúsið í Sarpi hefur nokkur af sömu einkennum og Fitjahúsið en er mun minna.

Auk íbúðarhúsanna voru skráð margvísleg önnur hús innan verndarsvæðis. Sem fyrr segir voru tekin á húsaskrá níu hús sem stóðu áður á svæðinu en eru horfin. Á meðal umræddra húsa voru fjárhús/lambhús, hjallur, smíðaskemma, vélaskemma, rafstöð og bílskúr. Af þeim húsum sem enn stóðu voru flest úтиhús (höfðu upprunalega verið byggð til að hýsa skepnur) þótt ekkert þeirra þjóni því hlutverki í dag. Kofarnir eiga það flestir sammerkt að vera einfaldir að gerð og hafa lítið varðveislugildi í sjálfu sér. Flestir eru þeir einfaldir og bárujárnsklæddir timburkofar eða úr blönduðu efni (torfi, grjóti, timbri og bárujárni). Kofarnir eru flestir úr sér gegnir og komnir að falli og ljóst að í sumum tilfellum gæti verið besta lausnin að taka þá niður en varðveita töftir þeirra þar sem slíkar eru til staðar.



Teikning af íbúðarhúsinu í Haga sem er á mangan hátt dæmigert fyrir hluta íbúðarhúsabyggðina í framdal Skorradals. Teikning: Gullinsnið.

Undantekning frá þessu er að finna á Fitjum þar sem vélaskemma og fjós/hlaða hafa verið gerð upp á hugvitsamlegan hátt og aðlöguð að breyttu hlutverki en vélaskemma Fitja er nú safnaðarheimili Fitjasóknar og fjós og hlaða hafa verið endurnýjuð og eru nú gistiheimili.

Tvö hús skera sig úr húsaflórunni í framdalnum sökum aldurs. Það er annars vegar Fitjakirkja og hins vegar pakkhusið í Vatnshorni. Kirkjan var byggð 1897 og er friðlýst en nákvæmt byggingarár pakkhusssins er óþekkt. Pakkhúsið var þó líklega byggt á 9. áratug 19. aldar og er það friðað vegna aldurs. Húsin tvö teljast án vafa með merkstu húsum framdalsins ef ekki þau merkstu og vegur þar einnig þungt sú staðreynd að báðar byggingar eru í framúrskarandi ástandi.

Húsin í framdal Skorradals bera þess merki að stærstur hluti byggðarinnar er farinn í eyði og meirihluti húsanna á svæðinu hefur því hlotið lítið sem ekkert viðhald um áratuga skeið. Undantekningar eru þó frá þessu. Á Fitjum, þar sem enn er búið, hafa öll hús verið uppgreð og er viðhald þeirra eigendum til sóma og svipaða sögu er að segja af íbúðarhúsinu á Háafelli er einnig vel viðhaldið. Nú nýlega hefur færst líf í hús í Vatnshorni, fyrst með endurbyggingu pakkhus og nú síðast þegar hafist var handa við að gera upp íbúðarhúsið. Önnur hús á svæðinu eru í bágbornara ástandi. Íbúðarhúsí í Efstabæ og á Stálpastöðum, sem fyrst fóru í eyði á svæðinu, eru þegar horfin og ljóst að stórfellt átak þarf til að bjarga íbúðarhúsum á Bakkakoti, Sarpi og Haga frá eyðileggingu. Sömu sögu er að segja um flest af þeim húsum af öðrum tegundum sem hanga uppi á eyðijörðum á svæðinu – þau munu víkja á næstu árum nema eitthvað verði að gert.

Húsaarfurinn í framdal Skorradal ber áhugaverðan vitnisburð um þróun húsagerðar til sveita almennt auk þess sem svæðið á sín sérkenni.⁵⁷ Þegar við bætist að ástand minja í heimatúnum á svæðinu er óvenjugott er ljóst að í framdal Skorradals leynist mikið af sóknarfærum á þessum vettvangi og er vonandi að með því að gera svæðið að verndarsvæði í byggð megi stuðla að auknu viðhaldi og verndun menningarminja, húsa sem og annarra menningarminja.

⁵⁷ Nánar verður fjallað um sérkenni svæðis og ásýnd byggðar í skýrslu um verndarsvæði sem kemur út síðar á árinu.

Heimildir

BB II: *Byggðir Borgarfjarðar II: Borgarfjarðarsýsla og Akranes.* 1989. Jakob Jónsson, Jón G. Guðbjörnsson og Þorsteinn Guðmundsson (ritstj.). Búnaðarsamband Borgarfjarðar. [án útgáfustaðar].

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn.* I–XV. bindi. 1857-. Kaupmannahöfn/Reykjavík. Hið íslenzka bókmenntafélag: [án útgáfustaðar].

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2012. *Í túninu heima: skráning fornleifa í heimatúnum á Háafelli, Bakkakoti, Sarpi, Efstabæ, Vatnshorni og Haga í Skorradal.* FS483-10021. Reykjavík.

Eyðibýli á Íslandi III: *Eyðibýli á Íslandi III: Rannsókn á eyðibýlum og yfirgefnum húsum í Dalasýslu, Snæfells- og Hnappadalssýslu, Mýrasýslu og Borgarfjarðarsýslu 2012.* Sigurbjörn Kjartansson og Gísli Sverrir Árnason (ritstj.). 2012. Eyðibýli – áhugamannafélag. [án útgáfustaðar].

Guðný Gerður Gunnarsdóttir. 2017. *Leiðbeiningar Minjastofnunar Íslands 3: Verndarsvæði í byggð: tillaga og greinargerð.* Minjastofnun Íslands. Reykjavík.

Fjallkonan 50. tbl. 11. des 1895, bls. 203. "Um beinafund í Vatnshorni".

Gerðir Landnámabókar: Jón Jóhannesson. 1941. Gerðir Landnámabókar. Hið íslenzka bókmenntafélag. Reykjavík.

ÍF: *Íslensk fornrit.* I–XVII. bindi. 1935–2002. Reykjavík. Hið íslenska fornritafélag.

JÁM VI: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IV: Borgarfjarðar- og Mýrasýsla.* 1925–1927. Kaupmannahöfn. Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn.

JJ: Johnsen, J. *Jarðatal á Íslandi.* 1847. Kaupmannahöfn. [Án útgefanda].

Kirkjur Íslands XIII: *Kirkjur Íslands XIII: Friðaðar kirkjur í Borgarfjarðarprófastadæmi I: Akraneskirkja, Fitjakirkja, Gilsbakkakirkja, Hvanneyrarkirkja, Innra-Hólmskirkja, Leirárkirkja, Reykholtskirkja, Stóra-Áskirkja.* 2009. Jón Torfason og Þorsteinn Gunnarsson (ritstj.). Reykjavík. Þjóðminjasafn Íslands/Húsafríðunarnefnd/Biskupsstofa/Hið íslenska bókmenntafélag.

Kristborg Þórssdóttir (ritstj.). 2017. *Aðalskráning fornminja í Skorradal: Framdalur.* FS651-16011. Reykjavík. Fornleifastofnun Íslands.

Kristborg Þórssdóttir. 2017. *Uppmæling fornminja í Skorradal. Greinargerð.* FS657-17031. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Óskar Þórðarson. 1996. *Þórður í Haga: Hundrað ára einbúi.* [útgáfustað vanrar]. Höruútgáfan.

Sigurður Vigfússon . 1887. "Rannsókn í Borgarfirði 1884". *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1886:* 1-51.

Svipping: *Svipping: Minningabættir.* Sveinn Skorri Höskuldsson. 1998. Reykjavík. Mál og menning.

Óprentaðar heimildir

Brunabótamat No. 6. Gögn geymd á Minjastofnun Íslands, Suðurgata 39, 101 Reykjavík.

Endurminningar Björns Bjarnarsonar í Vatnshorni handrit í vörlu Sigurðar Sigurðssonar.

FB II: *Fasteignamat 1916–1918: Undirmat; Borgarfjarðarsýsla II.* Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands.

Framdalir.is. Aðgengilegt gegnum: www.framdalur.is (Heimsótt 3. maí, 2018).

Gagnasafn Minjastofunnar Íslands. Upplýsingar og skrár yfir mannvirki á Íslandi. Gögn geymd á Minjastofnun Íslands, Suðurgata 39, 101 Reykjavík.

Hreppsnefnd Skorradalshrepps. *Bókanir hreppsnefndar vegna Pakkhús Vatnshorns.* Númer: 1011018, dagsett: 17.01.2011.

Hreppsnefnd Skorradalshrepps. *Bókanir hreppsnefndar vegna Vatnshorns.* Númer: 1203024, dagsett: 12.04.2012.

Hulda Guðmundsdóttir. *Samantekt heimilda um jarðir í Skorradal* (handrit). Í vörlu höfundar, á.á.

JS 143 4to= Handrit JS 143 4to úr handritasafni Jóns Sigurðssonar í vörlu Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, Reykjavík.

Minjastofnun Íslands. *Styrkúthlutun 2015: Bakkakot, Skorradal.* Tilvísunarnúmer: 3215. Reykjavík: Minjastofnun Íslands, 2014.

Óutgefið efni um hús í Skorradal í fórum Hjörleifs Stefánssonar.

Túnakort frá 1918 í Skorradalshreppi. Kortin eru varðveitt á Þjóðskjalasafni Íslands.

Viðtal Huldu Guðmundsdóttur við Sigríði Höskuldsdóttur frá Vatnshorni. Veturinn 2010-2011.

Varðveitt hjá Huldu Guðmundsdóttur.

ÞÍ. B. AA/13: Þjóðskjalasafn Íslands. Borgarfjarðarprófastsdæmi. Fitjar 1898. AA/13.

ÞÍ. B. AA/14: Þjóðskjalasafn Íslands. Borgarfjarðarprófastsdæmi. Fitjar 1902. AA/14.

ÞÍ. Fr. BAc.: Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamat ríkisins. 1930–1970. BAc/2–4.

ÞÍ.BL.: Þjóðskjalasafn Íslands. Byggingastofnun landbúnaðarins. 2005 A/74.

Þjóðskrá Íslands. *Fasteignaskrá.* Aðgengilegt gegnum: www.skra.is (Heimsótt 3. maí 2018).

Loftmyndir/Kortagögn


Herforingjaráðskort 36 NA: *Botnsheiði – Ok* 1:50000. Útgáfuár 1911.

Herforingjaráðskort 36 NV: *Botnsheiði – Skarðsheiði* 1:50000. Útgáfuár 1911.

LMÍ Kort 36 1:100 000: Kort Landmælinga Íslands 36 – *Botnsheiði* 1:100 000. Útgáfuár 1933.

Loftmynd frá 1990, Loftmælingar Íslands. LMI-Kort-L17-L-4695-qv_1990

Loftmyndir frá Loftmyndum ehf.



Myndefni:

Ljósmyndir í húsakönnun

Bakkakot íbúðarhús. Ljósmynd tekin 1950-1960, mynd af vef Framdalsfélagsins:
<http://framdalur.is/#bakkakotBakkakot>

Bakkakot – Hjallur. Loftljósmynd frá 1990:
LMI-Kort-L17-L-4695-qv_1990.

Bakkakot – Smíðaskemma. Ljósmynd tekin 1950-1960, mynd af vef Framadalsfélagsins:
<http://framdalur.is/#bakkakotBakkakot>

Ljósmynd af Efstabæ frá því um 1930. Í eigu Eiríks Blöndal. Birt á vef Framdalsfélagsins.
<http://framdalur.is/#efstibaer>

Fitjar, íbúðarhús. Mynd frá Huldu Guðmundsdóttur, af vef Framdalsfélagsins:
<http://framdalur.is/#fitjar>

Fitjar – Fjárhús og hlaða: Loftmynd af fjárhúsasamstæðunni frá 1972. Eigendur Fitja

Fitjar – Fjós og hlaða á 9. áratug 20. aldar. Mynd í eigu Huldu Guðmundsdóttur.

Fitjar - Lambhúsið á loftmynd frá 1972. Ljósmynd: eigendur Fitja

Fitjar – Vélaskemma á 9. áratug 20. aldar. Mynd í eigu Huldu Guðmundsdóttur.

Fitjakirkja. Ljósmynd af vef Framdalsfélagsins: <http://framdalur.is/#fitjar>

Hagi íbúðarhús: , mynd af vef Framdalsfélagsins:
<http://framdalur.is/#hagi>

Hagi – Fjárhús mynd af vef Framdalsfélagsins:

<http://framdalur.is/#hagi>

Hagi – Geymsla/Smíðahús 2010. Ljósmynd Hjörleifur Stefánsson.

Háafell – Fjárhús/hlaða rétt fyrir 1990. Ljósmynd úr bókinni Byggðir Borgarfjarðar II, bls. 229.

Háafell – Vélaskemma rétt fyrir 1990. Ljósmynd úr bókinni Byggðir Borgarfjarðar II, bls. 229.

Sarpur – íbúðarhúsið árið 1972. Mynd af vef Framdalsfélagsins:

<http://framdalur.is/#sarpur>

Stálpastaðir – Hlaða. Mynd úr skýrslu Huldu Guðmundsdóttur Samantekt heimilda um jarðir í Skorradal. Bls. 28

Vatnshorn íbúðarhús. Af vef Framdalsfélagsins

<http://framdalur.is/#vatnshorn>

Vatnshorn Pakkhúsið á Vatnshorni. Af vef Framdalsfélagsins:

<http://framdalur.is/#vatnshorn>

Málverk af öllum íbúðarhúsum framdalsins eftir Gunnlaug Stefán Gíslason.

Heimildamenn

Águst Árnason 03.08. 1930 um Stálpastaði 2017.

Guðrún Hannesdóttir 14.02. 1929 um Háafell, Efstabæ og Sarp 2017.

Hulda Guðmundsdóttir 04.05.1960 um Fitjar og Vatnshorn 2010, 2017 og 2018.

Ingibjörg Björnsdóttir 27.06. 1959 um Háafell 2018.

Jón Arnar Guðmundsson 17.06.1953 um Fitjar 2018.


Jónas Hannesson 11.04. 1945 um Sarp og Efstabæ 2017.

Lárus Lárusson 17.01. 1942 um Háafell 2017.

Óskar Þórðarson 05.06.1920 um Haga 2017.

Sigríður Einarsdóttir 19. 05. 1933 um Vatnshorn 2010.

Sæbjörg Eiríksdóttir 12.08.1936 um Bakkakot 2010.






G

Ö


SUDURHLID



verk	Bakkakot, mælingarteikning
verkkaupi	Skorradalshreppur
teikning	Grunnmynd & Hiði
m.k.v.	1:50 & 1:100
dags.	júní 2010
teiknað	Keith Daly RIBA

Hjóleifur Stefansson arkitekt FAI
GULLINSNID ehf
+(354)562 6628
hjoleifur@gullinsnid.is


121247-3489
Fjörðusvegur 12
Reykjavík
IS-101



NORDURHLÍÐ

VESTURHLÍÐ

AUSTURHLÍÐ



FYRSTA HÆÐ

verk Bakkakot, mælingarteikning
 verkkaupi Skorradalshreppur
 teikning Fyrsta Hæð & Hlið
 m.k.v. 1:50 & 1:100
 dags. júní 2010
 teiknað Keith Daly RIBA

Hjóleifur Stefansson arkitekt FAI
GULLINSNID ehf
 +(354)562 6628
 hjorleifur@gullinsnld.is


121247-3489
 Fjörðusvegur 12
 Reykjavík
 IS-101




verk	Bakkakot, mælingarteikning
verkkaupi	Skorradalshreppur
teikning	Snið BB
m.k.v.	1:50
dags.	júní 2010
teiknað	Keith Daly RIBA

Hjóleifur Stefansson arkitekt FAI
121247-3489
GULLINSNID ehf
+(354)562 6628
hjorleifur@gullinsnid.is
Fjörðusvegur 12
Reykjavík
IS-101

SNIÐ AA






G

Ö

VESTURHLIÐ




verk Hagi, mælingarteikning
verkkaupi Skorradalshreppur
teikning Grunnmynd & Hið
m.k.v. 1:50 & 1:100
dags. ágúst 2010
teiknað Keith Daly RIBA


Hjörleifur Stefansson arkitekt FAI
GULLINSNID ehf
+(354)562 6628
hjorleifur@gullinsnid.is

121247-3489
Fjörðavegur 12
Reykjavík
IS-101


KJALLARI




AUSTURHLID



NORDURHLID



SUÐURHLID




FÝRSTA HÆÐ

verk
verkkaupi
teikning
m.k.v.
dags.
teiknað

Hagi, mælingarteikning
Skorradalshreppur
Grunnmynd & Hlöð
1:50 & 1:100
ágúst 2010
Keith Daly RIBA

Hjörleifur Stefansson arkitekt FAI
GULLINSNID ehf
+(354)562 6628
hjorleifur@gullinsnld.is

121247-3489
Fjörðusvegur 12
Reykjavík
IS-101



G

D

Hjóleifur Stefansson arkitekt FAI

121247-3489

GULLINSNID ehf



Fjórhúsvegur 12

+(354)562 6628


Reykjavík



hjorleifur@gullinsnld.is

IS-101



G






verk	Háafell, mællingarteknинг
verkkaupi	Skorradalshreppur
teikning	Grunnmynd & Hið
m.k.v.	1:50 & 1:100
dags.	ágúst 2010
teiknað	Keith Daly RIBA

Hjörleifur Stefansson arkitekt FAI
GULLINSNID ehf
+(354)662 6628
hjorleifur@gullinsnid.is

121247-3489
Fjórhúsvegur 12
Reykjavík
IS-101






Háafell, mællingartekning
verk
verkkaupi
teikning
SNID HH
m.k.v.
dags.
teiknað
ágúst 2010
Keith Daly RIBA

Skorradalshreppur
Snið HH
1:50


Hjörleifur Stefansson arkitekt FAI
GULLINSNID ehf
+(354)562 6628
hjorleifur@gullinsnid.is

121247-3489
Fjórhúsvegur 12
Reykjavík
IS-101





SUDURHLÍD





KJALLARI

verk	Sarpur, mællingarteknling
verkkaupi	Skorradalshreppur
teikning	Grunnmynd & Hlöð
m.k.v.	1:50 & 1:100
dags.	júní 2010
teiknað	Keith Daly RIBA

Hjörleifur Stefansson arkitekt FAI
GULLINSNID ehf
 +(354)562 6628
 hjorleifur@gullinsnid.is

121247-3489
 Fjórhúsvegur 12
 Reykjavík
 IS-101





verk	Sarpur, mællingarteknling
verkkaupi	Skorradalshreppur
teikning	Fyrsta Hæð & Hlið
m.k.v.	1:50 & 1:100
dags.	júní 2010
teiknð	Keith Daly, RIBA

Hjörleifur Stefánsson arkitekt FAI
GULLINSNIÐ ehf
+(354)562 6628
hjorleifur@gullinsnid.is

121247-3489
Fjölnisvegur 12
Reykjavík
IS-101

Mænlr c.5.630



verk
verkkaupi
teikning
m.k.v.
dags.
teiknað


Sarpur, mællingarteknинг
Skorradalshreppur
Snjó SS
1:50 & 1:100
júní 2010
Keith Daly RIBA

SNÍÐ SS

Hjörleifur Stefansson arkitekt FAI
GULLINSNÍÐ ehf
+(354)562 6628
hjorleifur@gullinsnid.is

121247-3489
Fjölsvegur 12
Reykjavík
IS-101







verk	Stálþastaðir, mællingartekning
verkkaupi	Skorradalshreppur
teikning	Fyrsta Hæð & Hiði
m.k.v.	1:50 & 1:100
dags.	ágúst 2010
teiknað	Keith Daly RIBA

Hjörleifur Stefansson arkitekt FAI
GULLINSNID ehf
+(354)562 6628
hjorleifur@gullinsnid.is


121247-3489
Fjórhúsvegur 12
Reykjavík
IS-101




NORDURHLÍÐ



AUSTURHLÍÐ



VESTURHLÍÐ



verk	Stálþastaðir, mællingartekning
verkkaupi	Skorradalshreppur
teikning	Hlíð & Snið XX
m.k.v.	1:50 & 1:100
dags.	ágúst 2010
teiknað	Keith Daly RIBA

Hjörleifur Stefansson arkitekt FAI
GULLINSNID ehf
+(354)562 6628
hjorleifur@gullinsnid.is



121247-3489
Fjörðavegur 12
Reykjavík
IS-101


D

R

Ö


G





NORDURHLÍÐ

G




KJALLARI

verk	Vatnshorn, mællingartekning
verkkaupi	Skorradalshreppur
teikning	Grunnmynd & Hið
m.k.v.	1:50 & 1:100
dags.	júní 2010
teiknað	Keith Daly RIBA


Hjörleifur Stefansson arkitekt FAI
GULLINSNID ehf
+(354)562 6628
hjorleifur@gullinsnid.is

121247-3489
Fjörðusvegur 12
Reykjavík
IS-101



VESTURHLIÐ



SUÐURHLIÐ



verk Vatnshorn, mællingartekning
verkkaupi Skorradalshreppur
teikning Fyrsta Hæð & Hlið
m.k.v. 1:50 & 1:100
dags. júní 2010
teiknað Keith Daly RIBA

Hjörleifur Stefansson arkitekt FAI
GULLINSNID ehf
+(354)562 6628
hjorleifur@gullinsnid.is

121247-3489
Fjórhúsvegur 12
Reykjavík
IS-101



RISHÆÐ

AUSTURHLÍÐ

Mannir c.7.885

Golf Rishávarð 5.020

Golf Þraðar 2.340

Golf Kjallara 0.000

Jorð 1.065

2865

2680


2340

2340

RIS

SVEFNHERBERGI

DAGSTOFA



SNID VV

Vatnshorn, mællingartekning
verk
verkkaupi
tejkning
m.k.v.
dags.
teiknað

Skorradalshreppur
Rishæð, Snið VV & Hlið
1:50 & 1:100
júní 2010
Keith Daly RIBA

Hjörleifur Stefansson arkitekt FAI
GULLINSNID ehf
+(354)562 6628
hjorleifur@gullinsnid.is

121247-3489
Fjörðavegur 12
Reykjavík
IS-101